FRÉTTABLAÐIÐ

289. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. DESEMBER 2019



Björgunarsveitir höfðu í nógu að snúast um allt land í gær en klukkan 18 voru útköllin orðin um 200. Mesta álagið var á sveitum á Norðurlandi en á höfuðborgarsvæðinu var einnig nóg að gera, til dæmis á svæðinu í kringum Hörpu. Hér má sjá björgunarsveitarmenn og verktaka festa grindverk sem fauk á byggingarsvæði við Austurhöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Versta veðrið undir Vatnajökli í dag

Aftakaveður gekk yfir landið í gær með tilheyrandi raski á samgöngum, þjónustu og verslun. Þá fór rafmagn af heilu byggðarlögunum. Samkvæmt spám verður versta veðrið á Austurlandi og Suðausturlandi í dag og vont veður á Norðurlandi fram á kvöld.

VEÐUR Aftakaveður gekk yfir landið í gær og mikið samfélagsrask varð vegna þess. Rauð viðvörun var á öllu Norðurlandi og Ströndum þar sem veðrið var verst. Um klukkan 18 höfðu björgunarsveitir farið í um 200 útköll og mældi mest á norðanmönnum á Tröllaskaga og í Eyjafirði. Víða fuku þakplötur af húsum, til dæmis á Ólafsfirði og Blönduósi.

Rafmagn fór af stórum hluta landsins, til dæmis á Húsavík, Sauðárkróki og Dalvík. Á mörgum stöðum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi var rafmagn stopult eða þurfti að keyra á varaafli.

„Það er bara kertaljósið núna maður," sagði Guðlaugur Ágústsson, bóndi í Steinstúni í Árneshreppi á Ströndum, en þar versnaði veðrið til muna um klukkan 16 og rafmagnið fór skömmu síðar. „Það er nú notalegt að liggja hérna með kertaljósið og kjötsúpuna, alveg þangað til ég þarf að hita upp húsið. Glansinn á sjálfsagt eftir að fara af þessu þegar þetta ílengist."

Ríkislögreglustjóri hafði lýst yfir óvissustigi um land allt en ákvað í gær í samráði við lögreglu að hækka í hættustig á Norðurlandi og Vestfjörðum. Þá varð rask á ýmissi þjónustu, skólahaldi og frístundastarfi bæði fyrir norðan og sunnan og tilkynnt hefur verið að skólar verði víða lokaðir í dag.

Mörgum vegum var lokað um allt land, þar á meðal Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og mörgum öðrum. Verða lokanir endurmetnar í dag en sums staðar eru vegir lokaðir fram á fimmtudag. Innan og utanlandsflugi var aflýst um miðjan dag í gær og fram á morgun í dag.

Samkvæmt Þorsteini V. Jónssyni, veðurfræðingi hjá Veðurstofu Íslands, er suðausturhluti landsins sá sem lendir í versta veðrinu í dag. „Það fer að draga úr hérna vestanlands í nótt og verður orðið skaplegra í hádeginu. En á Austurlandi og Suðausturlandi verður hífandi snarvitlaust veður, sérstaklega undir Vatnajökli," segir hann.

Þorsteinn segir að viðvörunarstig á Norðurlandi vestra verði fært niður í appelsínugult á miðnætti en að rauð viðvörun á Norðurlandi eystra verði í gildi til hádegis í dag. „Það verður samt áfram leiðindaveður og appelsínugul viðvörun fram á kvöld." – khg

Tvíseldu eignir úr búi WOW

VIÐSKIPTI Skiptastjórar þrotabús WOW air eru sakaðir um að hafa tvíselt eignir úr búinu. Þrotabúið virði ekki samkomulag um sölu á kynningarefni WOW air og hafi þess í stað ákveðið að selja efnið til Michele Roosevelt Edwards, sem vinnur nú að endurreisn WOW air. Þá er annar skiptastjórinn gagnrýndur fyrir að hafa deilt trúnaðarupplýsingum um kaupverð.

„Það eru ótrúleg vinnubrögð af hálfu þrotabús að selja sama hlutinn tvisvar sinnum, þræta svo fyrir það og reyna að kúga menn til að gefa eftir. Ég hef stundað viðskipti lengi bæði hér á landi og erlendis en hef aldrei upplifað svona vinnubrögð," segir Engilbert Hafsteinsson fjárfestir. Málið gæti endað fyrir héraðsdómi verði efnið ekki afhent. – þfh / sjá Markaðinn

HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990

Tékk KRISTALL
Upplýsingar í síma 568 9955 – tk@tk.is

Glæsileiki
ROLEX
TUDOR
TAG HEUER
TAGHeuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT
MICHELSEN 1909
Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Skemmtileg jólavara!

Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Aukinn skilningur á loftslagsmálum

UMHVERFISMÁL Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra er staddur á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Madríd á Spáni. Hann flutti ávarp á ráðstefnunni í gær þar sem hann lagði áherslu á nauðsyn þess að ríki heims grípi til árangursríkra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hann segist skynja aukinn skilning á því hversu mikilvægt verkefnið er og að stórkostlegt sé að verða vitni að fjöldahreyfingu sem standi upp fyrir umhverfið og loftslagið.

Ráðstefnan er haldin í Madríd en engu að síður er það Síle sem er gestgjafinn. Ráðstefnan var flutt til Spánar vegna mótmæla og óeirða í Síle. – sar / sjá síðu 6

Veður

Ört vaxandi norðaustan- og norðanátt, fyrst NV-til, 23-33 m/s síðdegis, hvassast á NV-landi. Víða snjókoma eða él, en slydda við ströndina fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 16

Baltasar vinsæll fyrir norðan

SAMFÉLAG Emilía var vinsælasta stúlkunafnið á Íslandi árið 2018, Aron var vinsælasta drengjanafnið. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um vinsælustu eiginnöfn nýfæddra barna árið í fyrra.

Nöfnin Embla og Ísabella voru næstvinsælust hjá stúlkum, hjá drengjum voru það Alexander og Emil. Meðal annarra eiginnafna stúlkna voru nöfnin Rós og svo Sif vinsælust. Hjá drengjum voru það Hrafn og svo Freyr.

Jón er algengasta karlmannsnafnið á Íslandi en Guðrún algengasta kvenmannsnafnið.

Aron er vinsælasta drengjanafnið á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Athygli vekur að nafnið Baltasar er vinsælast á Norðvesturlandi. Alexander er vinsælast á Austurlandi og á Suðurnesjum.

Emilía var vinsælasta nafnið á Vesturlandi. Nafnið Sara naut mestra vinsælda í höfuðborginni og á Norðurlandi eystra, en minni annars staðar á landinu.

Jón er enn algengasta karlmannsnafnið á Íslandi, en það nær aðeins að vera meðal fimm vinsælustu nafnanna fyrir nýfædda drengi á Suðurnesjum. Guðrún er að sama skapi algengasta kvenmannsnafnið, er það næstalgengast meðal nýfæddra stúlkna á Norðvesturlandi á eftir Karen. **– ab**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Mikill snjór og vonskuveður fyrir norðan

Mikill snjór féll á Akureyri í gær í vonskuveðrinu sem gekk yfir landið. Ljós flöktu í bænum og var mikið að gera hjá björgunarsveitum á Norðurlandi. Allt skólahald í grunn- og leikskólum og Tónlistarskóla Akureyrar fellur niður fram að hádegi á Akureyri í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Mikið frost á laugardaginn

VEÐUR Veðrið mun halda áfram að stríða Íslendingum ef marka má spár Veðurstofu Íslands fyrir næstu helgi. Á vef Veðurstofunnar má sjá að miklu kuldakasti er spáð um allt land, -25 gráðum á miðhálendi Íslands, -10 gráðum í Reykjavík og -18 gráðum á Akureyri.

Eru svipaðar hitatölur á öllu landinu næstkomandi helgi og verður svipaður kuldi alla helgina. Á laugardaginn verður þrátt fyrir hitatölurnar að minnsta kosti léttskýjað að mestu á landinu öllu og hægviðri.

„Ég hef ekkert skoðað það," segir vakthafandi veðurfræðingur í samtali við Fréttablaðið, enda í nógu að snúast vegna lægðarinnar sem nú gengur yfir. „En þetta er ekkert ólíklegt, ég sé ekkert í fljótu bragði sem ætti að breytast í þessum spám." **– oæg**

Meirihluti vill seinka klukkunni á Íslandi

56 prósent þeirra sem skiluðu inn umsögnum um mögulega breytingu á klukkunni hérlendis vilja seinka henni um eina klukkustund. 1.558 umsagnir um mögulega breytingu á klukkunni bárust í samráðsgátt stjórnvalda.

STJÓRNSÝSLA Sérstakur starfshópur skipaður af heilbrigðisráðherra skilaði í janúarlok árið 2018 inn greinargerð um ávinning fyrir lýðheilsu og vellíðan landsmanna af því að leiðrétta klukkuna til samræmis við gang sólar. Ári síðar ákvað forsætisráðherra að setja málið í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda.

Í heildina bárust 1.558 umsagnir, 1.549 frá einstaklingum, fimm frá félagasamtökum, tvær frá fyrirtækjum og tvær frá stofnunum.

Í boði voru þrír valkostir. Að klukkan yrði óbreytt, að klukkunni yrði seinkað um eina klukkustund og að halda klukkunni óbreyttri en auka sveigjanleika á opnunartíma fyrirtækja og stofnana.

Í gær birtust síðan niðurstöður samantektar um sjónarmið umsagnaraðila á vef Stjórnarráðsins. Helstu rök sem umsagnaraðilar settu fram fyrir seinkun klukkunnar eru að staðartími eigi að vera í takt við líkamsklukku og að mikilvægt sé að fjölga birtustundum.

Þeir sem voru á móti seinkun klukkunnar bentu margir á að birtustundum á bilinu 07.00 til 23.00 fækki um 13 prósent yfir árið. Það muni leiða til minni útiveru fólks og aukinnar slysahættu. Þá voru efasemdir um að stilling klukku hefði mikið að segja gagnvart raflýsingu, skjánotkun og nútíma lifnaðarháttum.

Samandregið var meirihluti þeirra sem sendu inn umsagnir hlynntur breytingu klukkunnar eða 56 prósent. Þeir sem vildu halda klukkunni óbreyttri voru 37 prósent og um fjögur prósent þátttakenda vildu halda klukkunni óbreyttri en opnunartíma sveigjanlegum. Þá voru um þrjú prósent umsagnaraðila sem vildu sjá aðrar útfærslur, til dæmis sérstakan sumar- og vetrartíma eins og tíðkast á meginlandi Evrópu.

Skiptar skoðanir eru um breytingu klukkunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Aðeins tvö fyrirtæki skiluðu inn umsögnum vegna málsins og tengjast þau bæði ferðaþjónustunni, Icelandair og Berunes farfuglaheimili.

Aðeins tvö fyrirtæki skiluðu inn umsögnum vegna málsins og tengjast þau bæði ferðaþjónustunni, Icelandair og Berunes farfuglaheimili. Forsvarsmenn flugfélagsins vildu að klukkan yrði óbreytt en eigendur farfuglaheimilisins vildu að klukkunni yrði seinkað um eina klukkustund.

Samtök atvinnulífsins skiluðu inn umsögn þar sem hvatt var til óbreyttrar stöðu og það sama gerði Veðurstofa Íslands. Í ljósi þess að birtustundum eftir hefðbundinn vinnutíma mun fækka þarf vart að koma á óvart að Golfsamband Íslands sendi inn umsögn þar sem hvatt var til óbreytts ástands.

Hið íslenska svefnrannsóknafélag og SÍBS skiluðu inn umsögnum þar sem hvatt var til seinkunar klukkunnar. Umboðsmaður barna skilaði einnig inn áliti. Embættið fagnaði umræðunni en tók ekki afstöðu í málinu. **bjornth@frettabladid.is**

Notaleg jólastemning í Garðheimum

20% AFSLÁTTUR
AF NORDMANNSÞIN, LJÓSASERÍUM, JÓLASKRAUTI OG GJAFAVÖRU

Í JÓLATRJÁASKÓGINUM OKKAR FINNUR ÞÚ
ÚRVALS NORDMANNSÞIN, FURU, RAUÐGRENI OG NOBILIS
VERÐ FRÁ 2.790KR

FALLEGAR JÓLAGJAFIR

OPIÐ TIL KL 22:00 FRAM AÐ JÓLUM

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

HEITT KAKÓ Í JÓLATRJÁASKÓGINUM

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Í beinni: Allir í viðbragðsstöðu vegna aftakaveðurs Reglulegar uppfærslur frettabladid.is um óveðrið.

2 Máli gegn Hatara var vísað frá Málið sneri að meintum samningsbrotum þegar sveitin hætti við að koma fram á hátíðinni Iceland to Poland.

3 Birgja sig upp af mat fyrir storminn Fréttablaðinu bárust ábendingar um mikið öngþveiti í matvöruverslunum sem minnti á Þorláksmessu.

4 Þarf að stöðva fúskara Meistarafélög innan samtaka iðnaðarins segjast hafa barist í mörg ár fyrir breytingum á iðnaðarlögum.

5 Minnst sex látnir eftir skotárás á spítala Árásarmannsins leitað. Árásin átti sér stað í borginni Ostrava í Tékklandi.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Segja öryggi og heilsu landsmanna stefnt í hættu

STJÓRNSÝSLA Formenn tólf meistarafélaga á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar innan Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins segja óásættanlegt að ekkert opinbert eftirlit sé með lögvernduðum iðngreinum sem heyra undir iðnaðarlögin og að engin úrræði séu til að stöðva ófaglærða aðila sem ganga inn á svið löggiltra iðngreina þrátt fyrir bæði kvartanir til Neytendastofu og kærur til lögreglu.

Í yfirlýsingu frá félaginu kemur fram að mikilvægt sé að til séu úrræði sem hægt sé að grípa í til að „stöðva fúskara sem ekki hafa tilskilin lögmæt réttindi“. Þar kemur einnig fram að öryggi og heilsa landsmanna sé að veði.

Nú liggur fyrir á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um einfaldara regluverk og segir Jón Sigurðsson, formaður Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins, að mikilvægt sé að í lögunum sé sektarákvæði sem taki til ófaglærðra aðila sem taki að sér störf löggiltra iðnaðarmanna. „Staðan er þannig í dag að engin sektarákvæði eru í lögunum sem gerir það að verkum að það gerist ekki neitt, segir Jón.

„Staðan er þannig í dag að engin sektarákvæði eru í lögunum sem gerir það að verkum að það gerist ekki neitt.

Jón Sigurðsson, formaður Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins

„Ef slíku ákvæði er bætt í lögin er hægt að flýta ferlinu. Þá getum við stoppað þetta á um viku. Núna tekur þetta kannski tvö ár,“ segir hann og bætir við að mikil hætta geti fylgt því að ófaglærðir gangi í störf faglærðra.

„Það er til að mynda til dæmi um það að handrið sem sett var upp var of lágt og þar varð alvarlegt slys.“ **– bdj**

Landeigandi stefnir Skagafirði vegna línustæðis Blöndulínu 3

Eigandi fjögurra jarða í Skagafirði hefur stefnt sveitarfélaginu vegna breytinga á aðalskipulagi fyrir lagningu nýrrar háspennulínu um lönd hans. Kveðst hann ítrekað hafa varað við áformunum allt frá upphafi málsins. Krefst eigandinn þess að skipulagið verði fellt úr gildi eða skaðabótaskylda viðurkennd.

DÓMSMÁL Félag í eigu Gunnars Dungal hefur stefnt sveitarfélaginu Skagafirði með kröfu um að felld verði úr gildi aðalskipulagsbreyting sem heimilar lagningu háspennulínu Landsnets um lönd hans.

Umrædd háspennulína, Blöndulína 3, á að fara svokallaða Héraðsvatnaleið og meðal annars liggja um jarðirnar Héraðsdal I, Stapa, Laugardal og um spildur í landi Héraðsdals II, allt jarðeigna í eigu félags Gunnars Dungal, B. Pálssonar ehf.

Í stefnu Gunnars er rakið að svokölluð Héraðsvatnaleið Blöndulínu 3 liggi um lönd hans. Allt frá upphafi málsins árið 2008 hafi hann mótmælt þeirri leið sem valin hafi verið með aðalskipulagi sem sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti í apríl í vor. Hann hafi bent á að svokölluð Efribyggðarleið væri heppilegri. Eins mætti leggja línuna um Kiðaskarð.

„Benti hann meðal annars á að staðhættir í Héraðsdal væru þannig að útsýni væri takmarkað frá bæjarstæðinu til annarra átta en austurs og því yrði lega línunnar mjög til spillis öllu útsýni,“ segir í stefnunni.

Gunnar segir að aðalskipulagsbreytingin, undirbúningsvinna við hana og umhverfismat sé haldið slíkum ágöllum að hana beri að ógilda í heild.

„Stefndi [Skagafjörður] getur ekki borið því fyrir sig nú að stefnandi [Gunnar] hefði átt að mótmæla fyrr eða að málið sé nú komið á það stig að erfitt sé eða kostnaðarsamt að hætta við. Stefndi fékk ítrekaðar viðvaranir og mótmæli.“ Segir í stefnunni að ekki hafi verið gert sambærilegt umhverfismat á Héraðsvatnaleið og Efrabyggðarleið annars vegar og Kiðaskarðsleið hins vegar.“ Í hinni samþykktu tillögu séu „niðurstöður sem er útilokað að séu rétt unnar miðað við það að Efribyggðarleiðin og Héraðsvatnaleið eru 100 prósent lengri en Kiðaskarðsleiðin“.

Háspennulínan Blöndulína 3 mun liggja um mörg sveitarfélög og mun hún samkvæmt áætlun liggja yfir Héraðsvötn í Skagafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Blöndulína 3 mun liggja um mörg sveitarfélög. Í stefnu Gunnars segir að lögum samkvæmt eigi svæðisskipulag að taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, félagslegu og hagrænu tilliti. „Þetta ákvæði á augljóslega við um raflínu sem liggur um mörg sveitarfélög og hefði átt að beita því. Þetta er ágalli á skipulaginu sem leiðir til ógildingar.“

Þá segir í stefnu Gunnars að Skagafjörður hafi ekki aflað upplýsinga frá neinum öðrum en Landsneti varðandi möguleika þess að leggja jarðstreng eða sveitarfélagið greint möguleika þess sjálft. „Slíkar upplýsingar eru ekki áreiðanlegar eða hlutlausar því þær koma frá framkvæmdaraðilanum sjálfum.“

Verði aðalskipulagið ekki fellt úr gildi gerir Gunnar kröfu um að viðurkennd verði skaðabótaskylda sveitarfélagsins því breytingin leiði til þess að verðmæti eigna hans skerðist verulega.

„Verður þessi skerðing verulega umfram það sem á við um sambærilegar eignir vegna þess að aðalskipulagið gerir ráð fyrir að línan liggi í gegn um lönd stefnanda og hús eða í næsta nágrenni við þau.“

gar@frettabladid.is

Hvað er Blöndulína 3?

Blöndulína 3 er 220 kV háspennulína sem liggja á 100 kílómetra leið frá Blönduvirkjun til Akureyrar um Skagafjörð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði og Öxnadal. Er henni ætlað að styrkja flutningsleiðir raforku á Norðurlandi. Línan á að liggja um Húnavatnshrepp, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Hörgárbyggð og Akureyrarkaupstað.

„Vegna breyttra áherslna er nýtt umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu 3 að hefjast og mun það leysa eldra umhverfismat af hólmi,“ sagði í tilkynningu á vef Landsnets 7. nóvember síðastliðinn.

41 vill stöðu útvarpsstjóra

FJÖLMIÐLAR 41 sótti um starf útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins segir í fréttatilkynningu frá stjórn RÚV.

Starfið var auglýst laust til umsóknar 15. nóvember síðastliðinn eftir að Magnús Geir Þórðarson, sem gegnt hafði starfinu síðan árið 2014, sagði starfi sínu lausu. Magnús Geir var skipaður Þjóðleikhússtjóri frá og með 1. janúar næstkomandi.

Umsóknarfrestur um starfið rann út 2. desember en ákveðið var að framlengja hann um viku, til 9. desember. Stjórn RÚV sér um ráðningu í starfið og verður farið yfir umsóknir á næstu vikum. Stefnt er að því að ganga frá ráðningu í lok janúar á næsta ári.

Meðal þeirra sem hafa gert það opinbert að hafa sótt um starfið eru Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Elín Hirst og Svanhildur Hólm Valsdóttir. **– bdj**

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum*

www.kia.is

PAKKADAGAR

KIA

Lýkur á laugardaginn!

Gerðu frábær kaup á Pakkadögum Kia!

Völdum nýjum Kia bílum á Pakkadögum fylgir **veglegur vetrarpakki og 100.000 kr. gjafabréf frá 66°Norður.**
Þá fá allir sem kaupa nýjan bíl frá Kia að snúa Lukkustýrinu og geta þar unnið glæsilega vinninga frá Kia. Allir nýir Kia bílar eru með einstakri 7 ára verksmiðjuábyrgð sem er lengsta verksmiðjuábyrgðin á markaðnum. 7 ára ábyrgð Kia endurspeglar gæði Kia og stuðlar að hærra endursöluvirði bílsins.

Pakkadögum Kia lýkur á laugardaginn.
Komdu í heimsókn á Krókháls 13 og kíktu strax í pakkann!

Nánar á pakkadagar.kia.is

Kia Sportage 4WD, sjálfskiptur á verði frá:

5.790.777 kr.

Eyðir aðeins frá 5,1 l/100 km í blönduðum akstri m.v. WLTP-mælingar.

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af.

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Frumættleiðingum fækkar en stjúpættleiðingum fjölgar

SAMFÉLAG Frumættleiðingum að utan hefur fækkað mikið á undanförnum árum, og eru þær nú fjórar til fimm á ári. Frá aldamótum til 2015 voru þær yfirleitt í kringum 20 árlega og árið 2005 voru þær 41. Elísabet Hrund Salvarsdóttir, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir þetta alþjóðlega tilhneigingu.

„Ættleiðingum hefur fækkað mikið í heiminum undanfarin ár, sum lönd sem voru stór eins og Kína lokuðu fyrir almennar umsóknir vegna breytinga í þjóðfélaginu. Lokað hefur verið á nokkur lönd þar sem komst upp um mansal, til dæmis Kongó og Eþíópíu," segir hún. „Við höfum sem betur fer sloppið við þannig mál." Það sem af er ári hafa fimm börn komið til Íslands, fjögur frá Tékklandi og eitt frá Tógó.

Elísabet segir einnig fleiri orsakir fyrir fækkuninni. Fólk fari í auknum mæli í tæknifrjóvganir erlendis, svo sem til Grikklands, Tékklands eða Spánar, og að sýslumannsembættið hér á landi, sem gefur út forsamþykki, vinni hægar en áður. Forsamþykki taki nú 12 mánuði og

» Það sem af er ári hafa fimm börn verið ættleidd frá útlöndum, fjögur frá Tékklandi og eitt frá Tógó.

biðtími í upprunalöndunum er misjafn. Í Tékklandi er meðalbiðtíminn tvö ár. „Við höfum ítrekað talað við dómsmálaráðuneytið um að þessi málaflokkur eigi ekki heima hjá sýslumanni þar sem eingöngu lögfræðingar starfa," segir Elísabet.

Ólíkt þessu hafa stjúpættleiðingar rokið upp. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru þær 41 á síðasta ári, sem er með því mesta sem mælst hefur. Undanfarin ár hafa stjúpættleiðingar verið á annan eða þriðja tug.

Líkt og í frumættleiðingu eru tengsl við kynforeldri rofin og ný lagaleg tengsl myndast á milli barnsins og þess sem ættleiðir. Gerð er krafa um fimm ára samfellda sambúð við foreldri og sams konar kröfur gilda um heilsu og efnahag. Í flestum tilfellum er það faðir sem stjúpættleiðir. **– khg**

Af jólaballi Íslenskrar ættleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ólíkar túlkanir á samþykkt SÍS

SVEITARSTJÓRNIR Samþykkt aukalandsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) fól í sér inngrip í sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga um eigin málefni. Þessu er haldið fram í minnisblaði sem Lögmannsstofa Norðurlands vann fyrir sveitarfélagið Grýtubakkahrepp.

Með samþykktinni mælti SÍS með því að þingsályktunartillaga um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga yrði samþykkt.

» Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að lágmarksíbúafjöldi verði 1.000 árið 2026 en í Grýtubakkahreppi búa 365 manns.

Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, segir að minnisblaðið, sem dagsett er síðastliðinn föstudag, fjalli einungis um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Þar segir að málið sé mjög umdeilt meðal sveitarfélaga og ágreiningur um hvort tillagan endurspegli sameiginleg hagsmunamál þeirra.

„Þá getur það varla verið á valdi félagsins að taka ákvörðun í krafti meirihluta um ályktun, sem miðar að því að einstaka félagsaðilar líði undir lok gegn vilja sínum," segir enn fremur í minnisblaðinu.

SÍS hefur sett saman eigið minnisblað þar sem gerðar eru athugasemdir við niðurstöðu minnisblaðs Grýtubakkahrepps.

Þar kemur fram að það sé vægast sagt stór fullyrðing að halda því fram að aukalandsþing hafi ekki getað fjallað um tillöguna. Gengið sé út frá því að eingöngu sé hægt að taka fyrir málefni sem öll sveitarfélög séu sammála um. Slíkt sé ekki í samræmi við almennan félagarétt.

Það er afdráttarlaus afstaða höfunda minnisblaðs SÍS að fullyrðingar sem fram komi í minnisblaði Grýtubakkahrepps standist enga skoðun. **– sar**

Skynjar aukinn skilning á því hversu mikilvægt verkefnið er

Umhverfisráðherra lagði í ávarpi sínu á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í gær áherslu á nauðsyn þess að ríki heims grípi til árangursríkra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það sé alveg stórkostlegt að verða vitni að fjöldahreyfingu sem standi upp fyrir loftslagið og umhverfið.

UMHVERFISMÁL „Mér finnst ég skynja bæði meiri áhuga og meiri skilning á því hversu óskaplega mikilvægt þetta verkefni er. Ég held að þessi alda sem gengið hefur yfir síðastliðið ár og byrjaði með Gretu Thunberg hafi virkilega hreyft við fólki," segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, sem er staddur á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Madríd.

Guðmundur Ingi flutti á ráðstefnunni í gær yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda. Þar lagði hann áherslu á nauðsyn þess að öll ríki heims grípi til aðgerða sem leiði til árangurs til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

„Á sama tíma þurfum við að vinna áfram að langtímaáætlunum þar sem stefnt er að kolefnishlutleysi eins og Ísland er að stefna að 2040. Ég kom líka inn á velsældarhagkerfið og mikilvægi þess að horfa ekki bara á efnahagslega vísa, heldur líka umhverfislega og félagslega þegar við tökum ákvarðanir."

Þótt ráðstefnan fari fram í Madríd er það Síle sem er gestgjafinn. Vegna mótmæla og óeirða í landinu var ráðstefnan flutt til spænsku höfuðborgarinnar.

Í dagskránni leggur Síle áherslu á málefni hafsins og í fyrradag hélt Guðmundur Ingi erindi um súrnun sjávar á viðburði hjá Norðurskautsráðinu.

Þar eigi Íslendingar mikið af rannsóknum en Hafrannsóknastofnun hafi lengi rannsakað súrnun sjávar.

Greta Thunberg tók í gær þátt í umræðum aðgerðasinna og vísindamanna á sviði loftslagsmála. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sett hafi verið meira fjármagn í þessar rannsóknir nýlega en einnig rannsóknir á áhrifunum á lífríkið.

„Hafið mun halda áfram að súrna á meðan útblásturinn eykst. Það er mjög mikilvægt að fylgjast með þessu með auknum rannsóknum en það mun ekki koma í veg fyrir súrnunina og þess vegna er það svo ofboðslega mikilvægt að draga úr losun sem mest má."

Á loftslagsráðstefnu næsta árs sem fara mun fram í Glasgow þurfa ríki heims að lýsa yfir frekari skuldbindingum á sviði loftslagsmála en þau hafa þegar gert.

„Fundurinn núna er kannski svolítið upptakturinn að því. Ríki hafa kannski ekki verið að lýsa því yfir heldur frekar að það þurfi að grípa til frekari og metnaðarfyllri aðgerða."

Fjölmennir mótmælafundir hafa verið haldnir í Madríd samhliða loftslagsráðstefnunni og segir Guðmundur Ingi að stemningin í borginni sé merkileg.

„Ég var búinn að bíða í mörg ár eftir því að það yrði til fjöldahreyfing fólks sem myndi standa upp fyrir loftslagið og umhverfið. Það er að gerast núna og alveg stórkostlegt að verða vitni að því, hvort sem það er heima eða erlendis. Við erum að sjá það mjög vel hérna."

sighvatur@frettabladid.is

Jól 2019



SIEMENS
Espressó-kaffivél, EQ.500
TQ 505R09
NÝTT

Hraðvirk upphitun. Hljóðlát kaffikvörn úr keramík. Snertiskjár með myndum. Þrýstingur: 15 bör.

Jólaverð:
139.900 kr.
Fullt verð: 169.900 kr.

BOSCH
Kaffivél
TKA 6A041

1200 W. Fyrir tíu stóra og fimmtán litla bolla (1,25 lítrar). Dropavörn.

Jólaverð:
8.900 kr.
Fullt verð: 11.900 kr.

BOSCH
Brauðrist
TAT 6A111

Jöfn ristun. Þíðingaraðgerð.

Jólaverð:
6.900 kr.
Fullt verð: 9.500 kr.

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.

Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Óveður

Björgunarsveitir víða um land höfðu í mörgu að snúast í óveðrinu sem gekk yfir landið í gær. Ekki voru margir á ferli í illviðrinu en ljósmyndarar Fréttablaðsins hættu sér út úr húsi og fylgdust með.

NÝR DISCOVERY SPORT M-HYBRID

UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR

ABOVE & BEYOND

landrover.is

Bíll á mynd er Discovery Sport HSE R-Dynamic

ENNEMM / SÍA / NM96751

DÍSIL HYBRID VÉLATÆKNI, NÝTT ÚTLIT OG INNRÉTTING

Land Rover kynnir nýjan Discovery Sport með blandaðri dísil hybrid vélatækni. Nýr Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti.
Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

Land Rover Discovery Sport, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð frá: 6.890.000 kr.

LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Sjálfsögð krafa

Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Stórhættulegt efni sem valdið hefur fjölmörgum dauðsföllum er í mikilli dreifingu hér á landi. Um er að ræða „tískudópið“ spice sem að mestu hefur verið bundið við fangelsi en þekkist þó einnig utan veggja þeirra. Þetta efni er eitt það erfiðasta sem fangelsisyfirvöld fást við en það er bæði létt og lyktarlaust og auðvelt er að smygla því inn fyrir múra tukthússins. Aðeins örlítið magn af efninu þarf til þess að búa til mörg hundruð neysluskammta.

Afar stífar reglur gilda um lyfjagjöf í fangelsum. Mikill fjöldi íslenskra fanga glímir við kvíða, ofvirkni eða athyglisbrest (ADHD) en hlutfallið sem nefnt hefur verið er á bilinu 30 til 60 prósent, sem eru háar tölur hvora töluna sem á er litið. Þrátt fyrir þetta eru þau lyf sem almennt eru notuð við slíkum geðröskunum stranglega bönnuð í fangelsum landsins. Fangar eru því í raun án læknismeðferðar í afplánun sinni, betrunarvistinni eins og hún á víst að vera kölluð. Sem leiðir til þess að fangar taka málin í eigin hendur og verða sér sjálfir úti um efni.

Það þarf því ekki að spyrja að leikslokum þegar fjöldi ungra afbrotamanna með ómeðhöndlaða geðröskun er lokaður inni saman. Niðurstaðan hlýtur að vera ofbeldi, ringulreið, misnotkun fíkniefna eða jafnvel sjálfsvíg. Um þetta höfum við séð fjölmörg dæmi og því miður berast reglulegar fregnir af harmleikjum í fangelsum landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun féllu tveir fangar frá á árinu sem er að líða, annar vegna ofneyslu á spice og hinn framdi sjálfsvíg. Þá svipti fangi sig lífi í fangelsinu að Kvíabryggju í fyrra og annar á Akureyri árið 2017. Þessar tölur sýna okkur að geðheilbrigðis- og fíkniúrræðum er stórkostlega ábótavant.

Lykillinn að því að aðstoða fanga við að vinna í sínum vandamálum er að tryggja þeim eðlilega meðferð, hvort sem um er að ræða sálfræðimeðferð eða aðgengi að lyfjum sem þeim eru nauðsynleg. Þess vegna var vissulega ánægjulegt að sjá nýja geðheilbrigðisáætlun heilbrigðisráðherra líta dagsins ljós, þar sem meðal annars er fyrirhugað að koma á laggirnar teymi til þess að sinna geðheilbrigðismálum í fangelsum landsins. Ráðherra gaf samhliða þessu út þau háleitu fyrirheit að framvegis verði geðheilbrigðismál fanga „til fyrirmyndar“. Þó að þessi áætlun komi allt of seint fram verður að fagna framtakinu og vonandi verða lyfjamálin næst tekin fyrir. Málefni fanga hafa alltof lengi þurft að mæta afgangi og þess vegna þarf að taka þau föstum tökum. Það er sjálfsögð krafa sem stuðlar að færri endurkomum og ávinningurinn verður fjárhagslegur og, það sem meira er, mönnum til hagsbóta. Það er til mikils að vinna.

Það þarf því ekki að spyrja að leikslokum þegar fjöldi ungra afbrotamanna með ómeðhöndlaða geðröskun er lokaður inni saman.

Halldór

Frá degi til dags

Skollaleikur

Hollinn skollinn, datt oní pollinn. Búið er að loka fyrir umsóknir um stöðu útvarpsstjóra og alls sótti 41 um. Tæplega er hægt að segja að ferlið sé vel heppnað, enda nöfn umsækjenda ekki birt. Eðli málsins samkvæmt getur því ekki skapast friður um ráðninguna. Aukaafurðin er sá skollaleikur sem farið hefur fram í fjölmiðlum um hverjir hafi sótt um og hverjir ekki. Til dæmis var greint frá því að Halldór Guðmundsson, hjá norskri bókmenntamiðstöð, ætlar ekki að sækja um. Gott að vita það. Alls kyns nöfn hafa verið dregin inn í umræðuna, nauðug eða viljug, en ómögulegt að fá heildarmyndina. Ljósið í myrkrinu er að Axel Pétur Axelsson hefur gefið kost á sér.

Hroðbjóður

„Þeir vita hvað þetta mál er mikill hroðbjóður,“ sagði Helgi Hrafn Gunnarsson í pontu Alþingis í gær þegar deilt var um málefni kirkjunnar. Skammaðist Helgi sín á eftir, baðst afsökunar og lofaði að nota orðið ekki aftur. Enda eru jólasveinarnir farnir að fylgjast með. Orðið hroðbjóður, sem að sögn Marðar Árnasonar er samsett úr hroðalegt og viðbjóður, var fyrst notað á þingi af Katrínu Júlíusdóttur er hún krafði Gunnar Braga Sveinsson um afsökunarbeiðni árið 2014. Mörður sagði orðið þá vera „svolítið Vigdísar Hauksdótturlegt“.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Reykjavíkurflugvöllur er ekki að fara neitt í bráð

Njáll Trausti Friðbertsson
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Á undanförnum árum og áratugum hafa verið gerð ótal samkomulög um Reykjavíkurflugvöll sem ekki hafa haldið vatni.

Það kom skýrt fram við kynningu á Hvassahraunsskýrslunni, um flugvallakosti á Suðvesturhorni landsins, að Reykjavíkurflugvöllur er ekki á förum í bráð. Borgarstjóri tók sjálfur þátt í vinnu starfshópsins og skrifaði undir niðurstöður og tillögur hópsins. Það var kynnt sem meginforsenda í skýrslunni að tveir flugvellir verði á suðvesturhorni landsins, þannig að þar verði varaflugvöllur fyrir millilanda- og innanlandsflug líkt og hefur verið. Ríkið þarf að tryggja að staðið verði við viðeigandi breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar án tafar, og að gert verði ráð fyrir flugvellinum í Vatnsmýri í það minnsta til ársins 2040 í því skipulagi, en borgarstjóri og samgönguráðherra undirrituðu samkomulag samhliða kynningu á skýrslunni þar sem aðilar voru sammála um að rekstraröryggi á Reykjavíkurflugvelli yrði tryggt á meðan undirbúningur að gerð nýs flugvallar stæði yfir – að Reykjavíkurflugvöllur geti þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar. Meðal annars er fjallað um að eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja þurfi á Reykjavíkurflugvelli til að tryggja rekstraröryggi á vellinum.

Sporin hræða þegar Reykjavíkurflugvöllur er annars vegar enda hafa á undanförnum árum og áratugum verið gerð ótal samkomulög um Reykjavíkurflugvöll sem hafa engu vatni haldið. Þess vegna er mikilvægt að tryggja Reykjavíkurflugvöll í aðalskipulagi borgarinnar áður en lengra er haldið. Borgaryfirvöld þurfa að sýna að raunverulegur vilji sé fyrir því að vinna faglega að flugvallarmálum. Ef ekki koma fram skýrar skuldbindingar borgarinnar um að halda í Reykjavíkurflugvöll ríkir óvissuástandið áfram en samkvæmt gildandi skipulagi á að loka aðalbraut vallarins sem liggur frá norðri til suðurs eftir tvö ár, en slíkt gerir völlinn óstarfhæfan.

Með undirritun samkomulagsins er framtíð Reykjavíkurflugvallar tryggð í Vatnsmýrinni þar til jafngóður eða betri flugvöllur hefur verið byggður upp. Flugvöllur sem getur sinnt innanlandsflugi, sjúkraflugi, kennslu- og einkaflugi og þjónað sem varaflugvöllur með jafn öruggum og traustum hætti og sá sem nú er í Vatnsmýrinni.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Gripið til aðgerða í loftslagsmálum

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Loftslagsváin er stóra málið á okkar tímum. Þegar mér var trúað fyrir því að verða umhverfis- og auðlindaráðherra setti ég loftslagsmálin í algjöran forgang, enda hafði ég í fyrra starfi mínu hjá Landvernd lengi kallað eftir aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum.

Þegar ég kom inn í ráðuneytið var ekki til aðgerðaáætlun í loftslagsmálum hér á landi. Það breyttist og nokkrum mánuðum síðar leit fyrsta fjármagnaða loftslagsáætlun Íslands dagsins ljós, kynnt af sjö ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Meginþáttum loftslagsáætlunarinnar hefur nú verið hrint í framkvæmd, bæði hvað varðar orkuskipti í samgöngum og aðgerðir vegna kolefnisbindingar og endurheimtar votlendis. Einnig hefur fjölmargt annað verið gert. Hér fylgja nokkur dæmi um aðgerðir:

- Hraðhleðslustöðvum sem settar eru upp með fjárfestingarstyrk frá ríkinu fjölgar á næstunni um 40%. Nýju stöðvarnar verða þrisvar sinnum aflmeiri en þær öflugustu sem fyrir eru. Þetta var tilkynnt fyrir skemmstu.
- Verið er að koma upp neti hleðslustöðva við gististaði vítt og breitt um landið.
- Frumvarp liggur fyrir Alþingi um afslætti (niðurfellingu á virðisaukaskatti) af rafhjólum, reiðhjólum, vistvænni strætisvögnum, hleðslustöðvum fyrir heimahús og fleira. Þetta bætist við margvíslegar ívilnanir til kaupa á vistvænni bifreiðum.
- Stjórnvöld hafa lagt stóraukna áherslu á breyttar ferðavenjur og má þar nefna viðamikla áætlun um uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með sveitarfélögum á svæðinu.
- Þegar er unnið eftir afar umfangsmikilli áætlun um kolefnisbindingu sem hefur áhrif langt inn í framtíðina. Umfang landgræðslu og skógræktar verður tvöfaldað og endurheimt votlendis tífölduð á næstu fjórum árum. Áætlað er að það muni skila um 50% meiri árlegum loftslagsávinningi árið 2030 en núverandi binding og 110% meiri ávinningi árið 2050.

Nýsköpun og grænir skattar

Gripið hefur verið til fjölmargra annarra aðgerða. Hér eru nokkur dæmi:

- Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Loftslagssjóð en í gegnum hann verður hálfum milljarði króna varið á fimm árum til nýsköpunar, s.s. vegna nýrra loftslagsvænni tæknilausna, og til fræðslu um loftslagsmál.
- Kolefnisgjald hefur verið hækkað í áföngum og nýir grænir skattar verið kynntir til sögunnar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Gripið hefur verið til aðgerða til að draga úr matarsóun.
- Gert hefur verið að skyldu að gera ráð fyrir hleðslu rafbíla við allt nýbyggt húsnæði á landinu.
- Loftslagsráð hefur verið stofnað og lögfest.
- Stóraukið hefur verið við vöktun á súrnun sjávar, jöklum, skriðuföllum og fleiri þáttum hér á landi.
- Fest hefur verið í lög að unnar skuli vísindaskýrslur um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar og samfélag á Íslandi og að þær skuli m.a. taka mið af skýrslum IPCC.
- Stofnaður hefur verið samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir. Þar verður m.a. unnið að aðgerðum í samræmi við markmið um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.
- Stjórnvöld hafa fengið öll stóriðjufyrirtæki á Íslandi og Orkuveitu Reykjavíkur til að þróa og rannsaka hvort og hvernig megi draga úr losun frá verksmiðjum stóriðjufyrirtækja með niðurdælingu CO2 í berglög.
- Lögð hefur verið sú skylda á Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög að setja sér loftslagsstefnu og markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Þann 1. janúar taka gildi stórlega hertar kröfur varðandi eldsneyti í íslenskri landhelgi – sem banna í raun notkun svartolíu hér við land. Ég undirritaði reglugerðina nú fyrir helgi.

Upptalningin hér að ofan er langt í frá tæmandi. Endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar er í fullum gangi og vítt og breitt um stjórnkerfið er unnið hörðum höndum að loftslagsmálunum.

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna stendur nú yfir í Madrid. Skilaboð Íslands til ríkja heims og stórfyrirtækja eru að orðum verði að fylgja aðgerðir. Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Saman getum við gert kraftaverk.

DACIA

Dacia Duster 4x4

ENNEMM / SÍA / NM96702

Vetrardekk fylgja öllum Dacia Duster

Dacia Duster II Comfort, beinskiptur, 1,5 L dísil, 4WD:
Media NAV leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7"snertiskjár, 16" álfelgur, 21 cm veghæð, sex gírar, stillanlegt fjórhjóladrif, þokuljós, fjarlægðarskynjarar að aftan, hraðastillir (Cruise Control). Sportjeppi sem er rómaður fyrir áreiðanleika, sparneytni og ríkulegan staðalbúnað.

www.dacia.is

Duster á sérverði
3.740.000 kr.
Verðlistaverð: 3.990.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Árásum á Miðbæjarfélagið svarað

F.h. Miðbæjarfélagsins í Reykjavík
Bolli Kristinsson og eigendur eftirtaldra verslana við Laugaveg og Skólavörðustíg:
Dún og fiður
Gleraugnamiðstöðin Profil-Optik
Gleraugnasalan
Gull og silfur
Herrafataverslun Guðsteins
Jón og Óskar – Skartgripaverslun
Listhús Ófeigs
Rossopomodoro
Metal Design
Verslunin Brynja

Fyrir skemmstu birtist grein í Fréttablaðinu eftir Pál Tómas Finnsson, sem búsettur er í Danmörku. Þar sakar hann Miðbæjarfélagið í Reykjavík um rangfærslur. Greinin er býsna skrautleg og farið frjálslega með staðreyndir svo ekki sé fastar að orði kveðið. Með þessum skrifum sínum gerir Páll Tómas lítið úr baráttu fjölda fyrirtækja sem róa mörg hver lífróður, en undirrituðum er hulin ráðgáta hvað rekur íbúa í Danmörku til að agnúast með slíkum hætti út í baráttu rekstraraðila í miðbæ Reykjavíkur.

Afgerandi andstaða við lokanir

Páll Tómas ræðst með ósmekklegum hætti á talsmann okkar og sakar hann um að bera lygar á borgarfulltrúa. Forsaga málsins er sú að umræddur borgarfulltrúi hélt því fram í viðtali við Morgunblaðið að þeir sem væru á móti lokunum gatna í miðbænum væru „hávær minnihluti“ á sama tíma og borgarfulltrúanum var kunnugt um afgerandi andstöðu rekstraraðila við lokun. Þetta viðtal var tekið í byrjun október þegar borgaryfirvöld höfðu svikið hátíðlegt loforð um að opna götur aftur 1. október. Þessi svik hafa verið rædd á borgarstjórnarfundum og var meirihluta borgarstjórnar (sem kjörinn var með minnihluta atkvæða) slétt sama um svikin loforð. Talsmaður okkar gerði ekki annað en hrekja ósannindi borgarfulltrúans.

Í grein sinni segir Páll Tómas enn fremur að Miðbæjarfélagið hafi hrundið af stað undirskriftasöfnun haustið 2018. Það sanna er að undirskriftasöfnunin hófst formlega 10. janúar á þessu ári. Tildrögin voru mikil óánægja afgerandi meirihluta rekstraraðila með lokanir gatna. Rekstraraðilar hafa barist gegn þeim undanfarin átta ár enda hafa þær skaðað rekstur og leitt til þess að fjöldi fyrirtækja hefur lagt upp laupana. Þá hafa mörg þekkt fyrirtæki flúið af Laugavegi og Skólavörðustíg á staði þar sem engar götulokanir hefta aðgengi og næg bílastæði er að finna.

Eyðileggingin sem fylgir lokunum eykst með ári hverju og æ færri viðskiptavinir koma aftur í bæinn þegar opnað er aftur að hausti enda hafa borgaryfirvöld vanið þá á að versla annars staðar þar sem aðgengi er greitt og bílastæði næg. Í fjölmiðlum hefur nýlega verið fjallað um stóraukin viðskipti nokkurra verslana sem flutt hafa af Laugavegi sem segir allt sem segja þarf um erfitt rekstrarumhverfi í miðbænum. Eigendur flestra þessara verslana hefðu helst af öllu kosið að halda rekstrinum áfram á sínum gamla stað, enda á miðbærinn sérstakan stað í hjörtum okkar allra. Þeir standa aftur á móti margir frammi fyrir þeirri spurningu að glata annaðhvort ævistarfinu eða flytja úr miðbænum.

Eru listamenn annars flokks rekstraraðilar?

Alls rituðu 246 sjálfstæðir rekstraraðilar undir mótmælaskjölin og voru þeir þá allir starfandi á svæðinu sem um ræðir. Þeir voru líka allir starfandi þegar listarnir voru afhentir borgarstjóra í mars síðastliðnum. Síðan þá hafa tæplega 40 verslanir og sjálfstætt starfandi rekstraraðilar flutt sig af Laugavegi og Skólavörðustíg. Þar af eru ýmsar þekktar og rótgrónar verslanir. Ljóst er að Páll býr erlendis og hefur gert lengi enda þekkir hann bersýnilega ekki til ástandsins.

Okkur var það sérstakt ánægjuefni hve margir sjálfstætt starfandi listamenn og hönnuðir skrifuðu undir. Þeir halda úti viðkvæmri starfsemi sem þolir illa áföll. Páll gerir mikið úr því að 46 undirskriftir séu frá sjálfstætt starfandi listamönnum og tekur fram að tólf þeirra séu frá einu listgalleríi á Laugavegi og 16 samtals frá tveimur galleríum á Skólavörðustíg. Þetta góða fólk er allt sjálfstætt starfandi og borgar sína húsaleigu. Eru þetta annars flokks rekstraraðilar og réttlausir í huga Páls Tómasar?

Nágrenni þýðir nágrenni

Á blaðhaus mótmælaskjalsins sem hér um ræðir stóð stórum þykkum stöfum:

„Við undirritaðir rekstraraðilar við Laugaveg, Skólavörðustíg, Bankastræti og nágrenni mótmælum lokunum gatnanna fyrir bílaumferð.“

Þarna stendur nefnilega „nágrenni“, en í grein sinni gerir Páll Tómas mikið úr því að aðilar í næsta nágrenni gatnanna hafi skrifað undir. Þessir rekstraraðilar eru allir í næsta nágrenni við göturnar sem um ræðir. Til dæmis er veitingastaðurinn og bókabúðin í Austurstræti í innan við 100 metra fjarlægð. Búðin á Hverfisgötu í innan við 100 metra og sést frá Laugavegi. Hárgreiðslustofa á Bergstaðastræti í hér um bil 150 metra fjarlægð frá Skólavörðustíg og sú sem er á horni Freyjugötu og Óðinsgötu gæti verið í mesta lagi í 300 metra fjarlægð. Annars er það fyrirtæki líka með starfstöð við Laugaveg í eigin húsnæði til 35 ára og á þrjú þinglýst bílastæði þar.

Í grein sinni gerir Páll Finnur líka mikið úr því að 21 hárskeri hafi skrifað undir. Ætli þeir séu líka annars flokks rekstraraðilar í hans huga? Þeir eru allir sjálfstætt starfandi og borga leigu hver fyrir sig. Í grein sinni nefnir hann líka að ein hárgreiðslustofa, þar sem allir fjórir sjálfstætt starfandi skrifuðu undir í febrúar, væri hætt starfsemi. Hún var þó starfandi fram á haustið. Því miður erum við ekki með sjáanda til að greina hvort fyrirtæki sem skrifa undir verði starfrækt sex mánuðum seinna.

Þá er því haldið fram í greininni að á umræddu svæði séu 289 verslunarrými. Þetta er alrangt. Fimm einstaklingar sem þekkja þetta svæði frá a til ö fínkembdu göturnar tvisvar og er niðurstaðan að plássin séu 189, en tómt húsnæði og húsnæði í byggingu er þá meðtalið. Gaman væri að vita hvar þessi hundrað rými til viðbótar eru við Laugaveg, Skólavörðustíg og Bankastræti. Rekstraraðilar sem starfað hafa á svæðinu áratugum saman finna þau ekki þrátt fyrir mikla leit. Hvað sem því líður heldur Páll Tómas því fram að aðeins 39% rekstraraðila séu á móti götulokunum þegar fyrir liggur að 90% rekstraraðila verslana, veitingahúsa og hótela auk sjálfstætt starfandi rekstraraðila sem þátt tóku lýstu sig andvíga lokunum. Þetta er óhagganleg staðreynd.

Skoðanakönnun Zenter

Niðurstaða undirskriftasöfnunarinnar var hvorki borgaryfirvöldum né Miðborginni okkar (en það félag er Miðbæjarfélaginu óviðkomandi) að skapi og því brá Miðborgin okkar á það ráð að fá Samtök verslunar og þjónustu í lið með sér til að láta framkvæma skoðanakönnun meðal rekstraraðila. Fyrirtækið Zenter rannsóknir var fengið til verksins og unnu þeir vandaða könnun. Ýmsir úr okkar röðum vildu þó ekki taka þátt í skoðanakönnuninni þar sem þeim fannst hún móðgun við sína baráttu. Þrátt fyrir það sýndi niðurstaðan afgerandi andstöðu við götulokanir.

Páli Tómasi er vafalítið kunnugt um þessa könnun sem hann kaus að nefna ekki í grein sinni, en væntanlega er niðurstaðan honum ekki að skapi. Af þeim sem tóku afstöðu á Laugavegi frá Snorrabraut að Bankastræti, Bankastræti að Lækjargötu og neðsta hluta Skólavörðustígs (lokaða kaflanum) eru 74% á móti. Aftur á móti sýndi sama könnun að meirihluti rekstraraðila í Kvosinni, á Hafnartorgi og Granda vildu láta loka Laugaveginum. Kannski halda viðkomandi rekstraraðilar að það auki viðskiptin hjá sér að loka götum annars staðar, hver veit?

Hugmynd fyrir Pál Tómas

Okkur langar að lokum stinga hugmynd að Páli, sem er svo mjög í mun að loka götum hér í Reykjavík: Hvers vegna tekur þú þig ekki til og berst fyrir lokun gatna í Kvosinni, í nágrenni Hafnartorgs og úti á Granda? Rekstraraðilar á þeim svæðum virðast vera hrifnir af lokuðum götum. Á sama tíma væri óskandi að þú létir af árásum á okkur í Miðbæjarfélaginu og okkar lífsafkomu.

Samt sem áður viljum við þakka Páli fyrir að gera okkur kleift að koma okkar málstað enn betur á framfæri. Þessi skrif hans hafa blásið nýju lífi í baráttuna gegn götulokunum og eflt samstöðu meðal okkar.

P.S. Við bendum öllum áhugasömum á fésbókarsíðu okkar „Opnum Laugaveginn og Skólavörðustíg“.

VATN, HÚSASKJÓL OG BETRI HEILSA
MEÐ ÞINNI HJÁLP!
• Valgreiðsla í heimabanka: 2.500 krónur
• Söfnunarsími 907 2003: 2.500 krónur
• Framlag að eigin vali á framlag.is
• Söfnunarreikningur 0334-26-50886
kennitala 450670-0499
Hjálparstarf kirkjunnar
HJÁLP TIL SJÁLFSHJÁLPAR
VATN ER VON

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna – Action by Churches Together actalliance

Snjallari og glæsilegri Hyundai Tucson.

Aukahlutapakki að verðmæti

450.000 kr.

fylgir nýjum Tucson / Takmarkað magn.

Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni.
Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 5.090.000 kr.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM96255

Liverpool komið áfram

FÓTBOLTI Liverpool sem er ríkjandi meistari í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu karla er komið í 16 liða úrslit keppninnar. Enska liðið komst áfram úr E-riðlinum með 2-0 sigri gegn Salzburg í lokaumferð riðilsins í Austurríki í gærkvöldi.

Það voru fyrrverandi leikmenn Salzburg, Sadio Mané og Naby Keita, sem sáu um að koma Liverpool yfir í leiknum en Mané sendi þá fína sendingu á Keita sem skallaði boltann í netið. Mohamed Salah innsiglaði svo sigur Liverpool þegar hann skoraði með skoti úr afar þröngu færi.

Þessi sigur þýðir að Liverpool hafnar í efsta sæti riðilsins með 13 stig en ítalska liðið Napoli fylgir Liverpool í 16 liða úrslitin. Napoli vann sannfærandi 4-0 sigur í leik á móti belgíska liðinu Genk í lokaumferðinni sem fram fór á Ítalíu. Þar var það Arkadiusz Milik sem skoraði þrjú marka Napoli í leiknum og Dries Mertens bætti síðan fjórða marki liðsins við.

Leikir í lokaumferð í F – H riðlum keppninnar voru í gangi þegar Fréttablaðið fór í prentun en lesa má um úrslit leikja í þeim riðlum og lokastöðu þeirra riðla inni á frettabladid.is. Það ræðst svo í kvöld hvaða lið fara áfram úr A – D riðlum keppninnar. **– hó**

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Tilkynning um rafræna skráningu og innköllun áþreifanlegra hlutabréfa Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.

Stjórn Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., kt. 451015-2140, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og samkvæmt heimild í gr. 2.5 í samþykktum félagsins hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi föstudaginn 20. mars 2019 kl. 09:00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, ásamt síðari breytingum.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, auðkennd raðnúmerum nr. 1 til 24 gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudagsetningar er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. að Fiskislóð 31 101 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Skorað er á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfamiðstöð Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfamiðstöð Íslands hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Greiðslur til eigenda réttinda rafrænna hlutabréfa í félaginu skulu fara fram fyrir milligöngu kerfis

Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Reykjavík 10. desember 2019.
Fh. stjórnar Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.
Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Í tólf leikjum í vetur með Val er Hreiðar með 38,8 prósenta markvörslu sem þykir nokkuð gott. FRÉTTABLAÐIÐ/DIDDI

Fasteignasalinn sem lokaði rammanum

Hreiðar Levý Guðmundsson varði 17 skot þegar Valur vann FH í Olísdeildinni á mánudag. Hreiðar segir ekkert skrýtið að láta góðvin sinn þjálfa sig. Hann vilji taka tímabilið með trukki og dýfu og vera í titlabaráttu með Val.

HANDBOLTI Hreiðar Levý Guðmundsson, markvörður Vals, varði 17 skot FH-inga í stórslag síðustu umferðarinnar í Olísdeild karla sem Valur vann 29-28. Hreiðar, sem er 39 ára, var töluvert lengi í gang en fékk mikið hrós í Seinni bylgjunni, uppgjörsþætti handboltans.

„Dísilvélin þarf að hitna og ég held að Snorri hafi ætlað að kippa mér út af en þá tók ég fimm í röð og datt í gang. Það gekk vel eftir það og ætli ég hafi ekki verið með 15 bolta varða á 45 mínútum," segir Hreiðar.

Valsmenn byrjuðu leikinn eins og Hreiðar, ekkert sérstaklega, og voru lentir fimm mörkum undir eftir korter en skoruðu þá átta mörk í röð og breyttu stöðunni í 14-11. „Maður þarf aðeins að mýkjast upp. Liðirnir þurfa að mýkjast upp á þessu fyrsta korteri," segir hann og hlær.

Þetta var í fyrsta sinn í vetur sem Hreiðar spilar allar 60 mínúturnar en þeir Daníel Freyr Andrésson hafa verið að skipta mínútunum bróðurlega á milli sín. „Við höfum verið að splitta þessu og ég var með 15 bolta varða á móti KA í fyrri hálfleik en spilaði ekki seinni hálfleik. Heilt yfir hefur þetta verið nokkuð ágætt held ég, hjá okkur báðum. Danni er algjör perla og frábært að vinna með honum."

Þjálfari Vals, Snorri Steinn Guðjónsson, og Hreiðar hafa þekkst vel lengi og sátu saman í framhaldsskóla í Ármúla í frægu íþróttahorni. Það er því eðlilegt að spyrja hvernig það sé að láta góðvin sinn þjálfa sig. „Þetta er ekkert skrýtið heldur frábært. Snorri er ótrúlega flottur þjálfari og er að mínu mati eiginlega ekki efnilegur heldur góður þjálfari. Óskar Bjarni er líka frábær með honum. Hann kemur fram við mig eins og alla aðra. Ég vil að það sé þannig."

Leikurinn á mánudag var háspennuleikur þar sem taugarnar voru þandar til hins ítrasta fram að lokaflauti. Eftir þannig leik eiga menn oft erfitt með að sofna og hvílast. Hreiðar segir að skrokkurinn sé alveg smá aumur daginn eftir og þó hann hafi lagst á koddann og lokað augunum hafi hann svifið inn í draumaheima löngu síðar. „Ég kom heim og fékk mér plokkfisk um hálf ellefu leytið. Það er ekkert hægt að borða 10 mínútum eftir leik. Ég lagðist upp í rúm upp úr miðnætti og hlustaði á einhver podköst og sofnaði trúlega um hálf þrjú. Svo vaknar maður stífur og krambúleraður hér og þar, tilbúinn í daginn."

Hreiðar segist hugsa ágætlega um sig og taka þátt í öllum æfingum. Það sé enginn afsláttur gefinn. „Sem er fínt því mig langar að taka þetta tímabil með trukki og dýfu og gera einhverja hluti með Val.

Ég hef svo sem alveg verið lengi á leiðinni í Val þannig lagað. Ég ber mikla virðingu fyrir félaginu og hvað það er stórt hjarta í Völsurum. Mig langaði að koma og kynnast þessum kúltúr sem er í félaginu og allar væntingar sem ég var búinn að búa til í hausnum á mér hafa staðist."

benediktboas@frettabladid.is

Hreiðar með Magnúsi Óla Magnússyni eftir leikinn gegn FH. MYND/VALUR.IS

Fasteignasalinn Hreiðar Levý

Hreiðar starfar sem fasteignasali hjá Eignamiðlun. Ástæðan fyrir því að hann ákvað að hella sér út í fasteignamarkaðinn var bitur reynsla frá Noregi þegar hann keypti þar. „Ég var ánægður í byrjun en það entist bara í þrjá mánuði og svo var það bölvað bras í eitt og hálft ár. Það var eitt og annað sem var búið að svíkja og græja þannig að það þurfti að strauja alla neðri hæðina og hækka gólfhæðina um 20 cm út af einhverju rugli sem fyrri eigandi var búinn að gera. Ég var í málaferlum út af þessu í eitt og hálft ár. Það kveikti áhugann – fasteignasali er mikilvægt starf og það skiptir máli að viðkomandi sé í lagi og viti hvað hann er að selja enda stærsta fjárfesting flests venjulegs fólks í landinu, og verðandi heimili. Þetta blundaði í mér og svo kom að því að finna mér nýjan farveg í lífinu eftir atvinnumennskuna í handboltanum síðastliðin 12 ár og þá ákvað ég að láta slag standa."

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. desember 2019

46. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX TUDOR TAGHeuer LONGINES NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skorar bankana á hólm

Vonir standa til að Lykill, sem TM keypti nýverið, fái viðskiptabankaleyfi um mitt næsta sumar. **Sigurður Viðarsson**, forstjóri TM, segir að ekki verði um alhliða banka að ræða heldur muni hann finna sína syllu á markaðnum. Með kaupum TM á Lykli tvöfaldast nánast efnahagsreikningur sameinaðs félags. 6

»2

Selt í Marel fyrir um 20 milljarða á árinu

Eignarhlutur lífeyrissjóða í langsamlega stærsta skráða félagi landsins hefur minnkað talsvert á árinu. Hafa selt um 39 milljónir bréfa sem má áætla að þeir hafi fengið um 20 milljarða fyrir. Erlendir sjóðir hafa á sama tíma margfaldað hlut sinn.

»4

Skiptastjórar tvíseldu eignir WOW air

Fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW segir skiptastjóra þrotabúsins hafa tvíselt eignir. Náði samkomulagi um kaup á kynningarefni sem síðan var selt til US Aerospace. Segir skiptastjóra hafa rofið trúnað með því að deila upplýsingum um kaupverð.

»10

Áratugur ferðaþjónustu

„Að baki er áratugur rísandi ferðaþjónustu og efnahagslegra breytinga. Fram undan er áratugur sjálfbærrar ferðaþjónustu og efnahagslegs stöðugleika. Ef rétt er haldið á spilum," segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

OAKLEY

Tilvalið í jólapakkann

Oakley-hjálmar, margar gerðir og litir verð frá kr. 20.900

Oakley-skíðagleraugu, margar gerðir, verð frá kr. 7.900

Ray-Ban

RB3025 kr. 16.900
Litir: 001/51, G 15 L0205

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Birgir í viðræðum um kaup á Domino's í Noregi

Birgir Þór Bieltvedt og fjárfestar eru langt komnir með viðræður um að kaupa Domino's í Noregi af Domino's í Bretlandi. Á næstu dögum mun koma í ljós hvort af kaupunum verður. Þetta herma heimildir Markaðarins.

Birgir opnaði Domino's í Noregi árið 2014 ásamt fjárfestum en hópurinn seldi 71 prósents hlut til breska félagsins Domino's Pizza Group árið 2016. Fram kom í fréttum í október að Bretarnir hefðu ákveðið að selja reksturinn sem er utan Bretlands. Stjórnendur sögðu að breska félagið væri ekki best til þess fallið að reka alþjóðlega keðju og myndi framvegis einbeita sér að rekstrinum í Bretlandi. Á meðal pitsustaða sem eru til sölu er reksturinn á Íslandi og í Noregi. Reksturinn í Noregi hefur reynst erfiður.

Fram hefur komið í erlendum fjölmiðlum að Domino's reki um 50 pitsustaði og starfsmenn séu um 1.200. Fjárfestahópurinn á minnihluta í Domino's í Svíþjóð. Horft er til þess í viðræðunum um kaup á pitsukeðjunni í Noregi að Domino's Pizza Group kaupi minnihluta fjárfestahópsins í pitsustaðnum Svíþjóð, samkvæmt heimildum.

Norski fréttamiðillinn Dagens Næringsliv sagði frá því fyrir tveimur mánuðum að fyrrverandi eigendur Domino's stefndi á að kaupa fyrirtækið aftur. Einn fjárfestanna, Eirik Bergh, lét hafa eftir sér að hann reiknaði með að samningar myndu nást og nefndi að móðurfélag Domino's styddi það að af kaupunum yrði.

1.200

starfsmenn eru hjá Domino's í Noregi og pitsustaðirnir um 50.

Berg sagði að eftir kaupin árið 2016 hefðu nýir eigendur verið of stórhuga hvað varðar starfsemina í Noregi sem hefði leitt til þess að kostnaður hefði farið úr böndum.

Birgir hefur lengi tengst Domino's og rekið pitsustaði víða undir þeirra merkjum. Hann opnaði Domino's á Íslandi árið 1993, fjórum árum seinna opnaði hann Domino's í Danmörku og árið 2010 í Þýskalandi. Hann var minnihlutaeigandi í Domino's á Íslandi og í Danmörku þar til hann keypti aðra hluthafa út árið 2004. Í aðdraganda hrunsins seldi Birgir hlut sinn í Domino's á Íslandi og Danmörku til Magnúsar Kristinssonar útgerðarmanns. Birgir keypti Domino's aftur árið 2011 og seldi pitsustaðina árið 2016 og 2017 til Domino's Pizza Group. – hvj

Birgir Þór Bieltvedt.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang hordur@frettabladid.is | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, en hlutabréfaverð félagsins hefur hækkað um 67% . FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Selt í Marel fyrir um 20 milljarða á árinu

Hlutur lífeyrissjóða í stærsta skráða félagi landsins hefur minnkað talsvert á árinu. Hafa selt samtals um 39 milljónir bréfa sem má áætla að þeir hafi fengið um 20 milljarða fyrir. Erlendir sjóðir hafa á sama tíma margfaldað hlut sinn.

Helstu lífeyrissjóðir landsins, sem allir eru á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marels, hafa það sem af er þessu ári minnkað umtalsvert eignarhlut sinn í félaginu og selt bréf í því, samtals rúma 39 milljónir hluta, fyrir jafnvirði um 20 milljarða króna. Þeir lífeyrissjóðir sem hafa selt hvað mest í Marel, sem er langsamlega stærsta fyrirtækið í Kauphöllinni með markaðsvirði upp á um 476 milljarða, eru Gildi, Birta, LSR og Stapi, samkvæmt samantekt Markaðarins.

Samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóða í Marel, sem ná á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa, nam um 29 prósentum í byrjun desember en sömu sjóðir áttu rúmlega 38 prósenta hlut í félaginu í upphafi þessa árs. Minni eignarhlutur lífeyrissjóðanna skýrist að hluta vegna hlutafjárútboðs Marels fyrr á árinu, sem var efnt til samhliða skráningu í kauphöllina í Amsterdam, en við það þynntist hlutur sjóðanna í félaginu. Marel jók þá hlutafé sitt um 100 milljónir hluta – úr 671 milljón í 771 milljón – en kaupendur að þeim bréfum, fyrir samtals um 52 milljarða, voru nánast einungis erlendir fjárfestingarsjóðir.

Lífeyrissjóðirnir eiga í dag tæplega 222 milljónir hluta að nafnverði í Marel, borið saman við 261 milljón hluta í ársbyrjun 2019, og hafa sjóðirnir því selt sem fyrr segir um 39 milljónir hluta í félaginu. Gengi bréfa Marels tók mikinn kipp á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs, þegar það hækkaði um liðlega þriðjung, en frá því í mars hefur gengið verið á bilinu 500 til rúmlega 600 krónur á hlut. Það má því varlega áætla að sjóðirnir hafi selt bréf sín í félaginu fyrir samtals um og yfir 20 milljarða króna en meirihluti bréfanna var seldur á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Þrátt fyrir að eignarhlutur sjóðanna hafi minnkað nokkuð það sem af er ári eiga þeir umtalsvert meira í Marel í dag að markaðsvirði heldur en fyrir tæplega ári enda hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um liðlega 67 prósent á árinu. Miðað við gengi bréfa Marels við lokun markaða í gær, þegar það stóð í 618 krónum á hlut, er samanlagður hlutur sjóðanna því metinn á um 136 milljarða króna borið saman við um 97 milljarða í árslok 2018. Þannig er markaðsvirði eignarhlutar Lífeyrissjóðs verslunarmanna, sem á 8,2 prósenta hlut í Marel, rúmlega 39 milljarðar króna en auk þess á sjóðurinn, ásamt LSR, einnig umtalsverðan óbeinan eignarhlut í félaginu í gegnum Eyri Invest, stærsta hluthafa Marels.

Á allra síðustu vikum hafa sumir íslenskir lífeyrissjóðir fært hluta af bréfum sínum í Marel til vörslu í kauphöllinni í Amsterdam, samkvæmt heimildum Markaðarins, í þeim tilgangi að auðvelda þeim að eiga viðskipti við erlenda aðila með bréf í félaginu. Þær fjárhæðir sem um er að ræða, að sögn þeirra sem þekkja til, eru hins vegar óverulegar.

Á sama tíma og lífeyrissjóðir, ásamt innlendum verðbréfasjóðum, hafa verið að selja sig niður í Marel hefur eignarhlutur erlendra sjóða í félaginu margfaldast. Þannig nam samanlagður hlutur þeirra um átta prósentum um síðustu áramót en í dag eiga erlendir fjárfestingarsjóðir tæplega 30 prósenta hlut í félaginu. Stærstu erlendu hluthafarnir eru bandaríska fyrirtækið MSD Partners, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Marels árið 2017, eignastýringarfyrirtækið Capital Group og evrópski vogunarsjóðurinn Teleios Capital.

Aðrir erlendir sjóðir í hluthafahópi Marels, sem fjárfestu fyrst í félaginu í hlutafjárútboði þess síðastliðið vor og hafa í kjölfarið verið að bæta við hlut sinn, eru meðal annars sjóðir í stýringu Blackrock, Credit Suisse, Investec, SEI Investments, Threadneedle, Baron, BAMCO, Miton, AXA Investment Managers, Vanguard og Janus Henderson.

Frá skráningu á bréfum Marels erlendis hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um liðlega 23 prósent í kauphöllinni í Amsterdam.

hordur@frettabladid.is

Hlutur lífeyrissjóða í Marel skreppur saman

	1. jan. 19 Hlutur (%)	Bréf (millj.)	1. des. 19 Hlutur (%)	Bréf (millj.)
LIVE	10,0%	68,0	8,2%	63,5
Gildi	6,8%	46,3	5,0%	38,4
LSR A	4,9%	33,1	3,9%	30,0
Birta	4,1%	27,6	2,9%	22,0
Stapi	2,2%	15,0	1,4%	10,4
Festa	2,0%	13,4	1,4%	10,5
Frjálsi	1,9%	13,1	1,6%	11,9
LSR B	1,8%	12,2	1,3%	10,0
Almenni	1,5%	10,5	1,1%	8,6
Lífsverk	1,2%	8,0	0,8%	6,4
Brú	1,1%	7,5	0,7%	5,2
SL lífeyrissjóður	0,9%	6,3	0,7%	5,1
Samtals	**38,2%**	**261,0**	**28,8%**	**222,0**

29%

nemur samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóða í Marel í dag borið saman við rúmlega 38 prósent í ársbyrjun.

VETURINN ER OKKAR TÍMI

RAM

ALVÖRU JEPPAR
ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep®

TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGARBÍLUM. ERUM Í SAMNINGSSTUÐI.

JEEP© WRANGLER

RUBICON
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
11.590.000 KR.

35", 37" OG 40" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ 400.000 KR.

JEEP© GRAND CHEROKEE

TRAILHAWK
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
9.990.000 KR.

OVERLAND
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
10.990.000 KR.

JEEP© RENEGADE

LIMITED
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
4.990.000 KR.

TRAILHAWK
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
5.490.000 KR.

TÖKUM GAMLA BÍLINN UPP Í NÝJAN

33" OG 35" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ 690.000 KR.

JEEP© CHEROKEE

LONGITUDE OG LIMITED
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
7.490.000 KR. OG 7.990.000 KR.

UMBOÐSAÐILI RAM OG JEEP© Á ÍSLANDI

RAM CREW CAB
VERÐ FRÁ ÁN VSK.: 6.967.745 KR.
VERÐ FRÁ M/VSK: 8.640.000 KR.

RAM MEGA CAB
VERÐ FRÁ ÁN VSK.: 7.911.290 KR.
VERÐ FRÁ M/VSK: 9.810.000 KR.

35, 37" OG 40" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ ÁN VSK.: 322.581 KR.
VERÐ FRÁ M/VSK: 400.000 KR.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP© OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI · ÍSLENSK-BANDARÍSKA
ÞVERHOLTI 6 · 270 MOSFELLSBÆR S. 534 4433 · WWW.ISBAND.IS
ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

Skiptastjórar tvíseldu eignir WOW

Fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air segir skiptastjóra þrotabúsins hafa tvíselt eignir. Náði samkomulagi um kaup á kynningarefni sem síðan var selt til US Aerospace. Segir skiptastjóra hafa rofið trúnað með því að deila upplýsingum um kaupverð.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

WOW air var úrskurðað gjaldþrota í lok mars og voru þá Sveinn Andri Sveinsson og Þorsteinn Einarsson skipaðir skiptastjórar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air sakar skiptastjóra þrotabús WOW air um að hafa tvíselt eignir úr búinu. Þrotabúið virði ekki samkomulag um sölu á ýmsu kynningarefni til síns félags og hafi þess í stað ákveðið að selja efnið til félags Michele Roosevelt Edwards, sem vinnur nú að endurreisn WOW air. Hann mun fara fram á lögbann á notkun nýja flugfélagsins á efninu og vísa ágreiningnum við þrotabúið til héraðsdóms ef efnið verður ekki afhent. Hann gagnrýnir einnig skiptastjórann fyrir að hafa deilt trúnaðarupplýsingum með lögmanni Edwards.

„Það eru ótrúleg vinnubrögð af hálfu þrotabús að selja sama hlutinn tvisvar sinnum, þræta svo fyrir það og reyna að kúga menn til að gefa eftir, og auk þess að kenna starfsmanni sínum um að selja efni án leyfis. Ég hef stundað viðskipti lengi bæði hér á landi og erlendis en hef aldrei upplifað svona vinnubrögð," segir Engilbert Hafsteinsson, fjárfestir og áður framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá WOW air á árunum 2014 til 2018.

Samkvæmt tölvupóstssamskiptum sem Markaðurinn hefur séð hafði Engilbert samband við þrotabú WOW air í byrjun maí, rúmum mánuði eftir að flugfélagið varð gjaldþrota. Hann sendi tölvupóst á starfsmann þrotabúsins og óskaði eftir því að kaupa efni sem hafði verið ritað fyrir vef WOW air og í WOW Magazine, hvort sem það væri fullunnið eða drög, og allt efni um Ísland á ensku. Hann óskaði síðan eftir því að bæta við öllu myndbandsefni en verðmæti alls kynningarefnisins er talið hlaupa á tugum milljóna króna.

Starfsmaður þrotabúsins staðfesti að Engilbert gæti keypt efnið og sagðist hafa fengið samþykki frá skiptastjóra. Um mánuði síðar sendi Engilbert tölvupóst til að fá staðfest hvaða efni væri um að ræða. Hann vildi fá það skriflegt að kaupin væru á ljósmyndum, myndböndum og öllu efni sem tilheyrði WOW air, eða tímaritunum WOW Magazine og Be Iceland, hvort sem efnið hafði verið birt eða ekki. Var ekki gerð athugasemd við skilgreininguna.

Starfsmaður WOW air gaf út reikning fyrir kaupum Engilberts í september, skömmu eftir að greint hafði verið frá kaupum US Aerospace Associates LLC, félags Michele Roosevelt Edwards, á helstu eignum þrotabús WOW air. Reikningurinn var greiddur og hafinn var undirbúningur að afhendingu. Engilbert gerði hins vegar athugasemdir við að ekki hefði komið fram nákvæm skilgreining á eignunum. Starfsmaður þrotabúsins dró þá í land og sagðist þá aðeins hafa fengið samþykki frá skiptastjóra um að selja greinar og efni sem var unnið fyrir vefinn og WOW Magazine og tengdist ekki WOW air. Síðar kom í ljós að þrotabú WOW air hafði selt kynningarefni WOW air til US Aerospace, fjórum mánuðum eftir að Engilbert hafði fengið staðfestingu á kaupunum.

Engilbert segir að hann muni krefjast lögbanns ef miðlar á vegum US Aerospace birta efnið. Á það meðal annars við um allt efni sem birtist á vefmiðlum og á samfélagsmiðlum nýja WOW air, til dæmis myndskeið á Facebook og Instagram. Þá mun hann fara með málið gegn þrotabúinu fyrir héraðsdóm ef efnið verður ekki afhent.

„Ég hef ítrekað við þau að ef efni sem ég hef keypt er notað þá mun ég fara fram á lögbann á þá miðla sem birta efnið. Á sama tíma hef ég skorað á skiptastjóra að fá efnið sem ég hef nú þegar greitt fyrir afhent frá þrotabúinu ella vísa ágreiningnum til héraðsdóms," segir Engilbert.

Þá segir Engilbert að Sveinn Andri Sveinsson, annar af tveimur skiptastjórum þrotabús WOW air, hafi deilt trúnaðarupplýsingum með Páli Ágústi Ólafssyni, lögmanns US Aerospace með því að senda Páli efni samkomulagsins sem Engilbert gerði við þrotabúið í vor. Hann líti alvarlegum augum á það að skiptastjóri gefi þriðja aðila upplýsingar um efni samnings, einkum kaupverð. „Og til að toppa léleg vinnubrögð þá deilir skiptastjóri trúnaðargögnum milli mín og þrotabúsins með þriðja aðila úti í bæ," segir Engilbert.

Ekki náðist í Svein Andra við vinnslu fréttarinnar. Í samskiptum við lögmann Engilberts hafnaði Sveinn Andri skilgreiningu Engilberts á eignunum sem greitt var fyrir. Var hann einungis tilbúinn til að afhenda ritaðar greinar um Ísland á ensku eða endurgreiða kaupverðið. Þá tók Sveinn Andri fram að starfsmaðurinn hefði ekki haft heimild til að selja umræddar eignir án samþykkis skiptastjóra.

> **Ég hef stundað viðskipti lengi bæði hér á landi og erlendis en hef aldrei upplifað svona vinnubrögð.**

Engilbert Hafsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air

US Aerospace ekki greitt kaupverðið að fullu

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa kaup US Aerospace á helstu eignum úr þrotabúi WOW air ekki verið greidd að fullu. Í haust var greint frá því að kaupverðið væri um 50 milljónir og að kaupin næðu yfir eignir eins og fjólublá búningana, margvíslegar rekstrarvörur, varahluti, bókunartækni og handbækur. Gunnar Steinn Pálsson, almannatengill WOW air, sagðist ekki vilja tjá sig um einstök atriði í undirbúningsferli flugfélagsins.

Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður US Aerospace, lýsti því yfir í samskiptum við lögmann Engilberts að allt efni og markaðsefni WOW air væri innifalið í kaupsamningnum sem var gerður við þrotabúið. Í ljósi þess hugsanlega tjóns sem bandaríska félagið eða fjárfestar sem standa að baki því gætu orðið fyrir vegna birtingar á efninu myndi US Aerospace sækja bætur utan íslenskrar lögsögu til þeirra sem birta efnið.

Hrein og tær hollusta (í prentsmiðjunni)

Lýsi er eitt af fjölmörgum matvælafyrirtækjum sem treysta okkur fyrir því skemmtilega verkefni að framleiða umbúðir fyrir þeirra góðu vörur.

Þannig eru flestir dagar hollustudagar hjá okkur.

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Greiða ætti götuna til að MSCI horfi til Íslands

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að vinna ætti ötullega að því að koma hlutunum í það horf að MSCI vísitölufyrirtækið taki Ísland inn í sitt mengi. „Það er mikilvægt skref sem hangir á löggjöf, reglum Seðlabankans og okkur hjá Nasdaq," segir hann í samtali við Markaðinn.

Vonir stóðu til að MSCI-vísitölufyrirtækið myndi flokka íslenska hlutabréfamarkaðinn sem vaxtarmarkað (e. frontier) en við lok síðasta mánaðar kom í ljós að það yrði ekki. Ísland verður áfram á athugunarlista.

Magnús segir að vísitölumengi MSCI sé endurskoðað árlega. Næsta endurskoðun verði í júní. Til þess að MSCI samþykki Ísland næsta sumar verði að vinna hratt og vel og „það þarf að vera ríkur vilji til að breyta".

Forsvarsmenn Kauphallarinnar funduðu með MSCI eftir að fyrirtækið upplýsti um ákvörðun sína. „Fundurinn gekk ágætlega," segir hann og nefnir að MSCI gefi ekki meira út opinberlega um ákvarðanir sínar um vísitölur en það sem fram komi í tilkynningu. „Ég skynjaði það á fundinum að mögulega sé rík tilkynningarskylda í tengslum við gjaldeyrisviðskipti veigamesti þátturinn," segir hann og nefnir að því fylgi aukinn kostnaður við að eiga viðskipti á fjármálamörkuðum. Slíkt hamli erlendri fjárfestingu á lítinn markað.

> **Ég skynjaði það að mögulega sé ník tilkynningarskylda í tengslum við gjaldeyrisviðskipti veigamesti þátturinn.**
>
> Magnús Harðaron, forstjóri Kauphallarinnar

MSCI nefndi í rökstuðningi sínum meðal annars að fjármagnshöft hefðu nýlega verið afnumin. Magnús bendir á að þessi ríka tilkynningarskylda rími illa við sterka stöðu þjóðarbúsins og að það sé ólíklegt að gripið verði til hafta á ný í bráð.

Hann segir að MSCI kalli eftir því að stærri alþjóðlegir bankar og verðbréfafyrirtæki gerist aðilar að markaðnum. „Við erum að vinna í því," segir Magnús og nefnir að unnið sé að betrumbótum hjá Verðbréfamiðstöðinni sem muni hjálpa til við það. Alþingi þurfi að innleiða evrópska reglugerð um verðbréfamiðstöðvar fyrir miðjan febrúar svo Verðbréfamiðstöðin geti haldið tímaáætlun. **– hvj**

Mikil áhætta við sölu á Mílu

Capacent hefur hækkað verðmat sitt á Símanum úr 46,4 milljörðum króna í 51,4 milljarða króna. Það er um níu prósentum yfir markaðsvirði sem er 47 milljarðar króna. Verðmatsgengið er 5,7 og hækkar um tíu prósent á milli verðmata.

Fram kemur í verðmatinu, sem viðskiptavinir fengu afhent í gær og Markaðurinn hefur undir höndum, að einhverjir fjárfestar sjái tækifæri í því að selja Mílu úr Símanum. Í verðmatinu er varpað fram þeirri spurningu hverjir eigi að kaupa Mílu. „Fáum kaupendum er til að dreifa nema lífeyrissjóðunum sem gerir samningsaðstöðu lakari," segir í verðmatinu. Enn fremur sé líklegt að sala á Mílu, sem rekur fjarskiptainnviði, komi til með að skapa óróleika á Alþingi, sérstaklega ef kaupendur yrðu erlendir.

„Mikið og þungt regluverk er um rekstur Mílu og hætta á að fjárfestar sem ætla að selja Mílu lendi í sama vanda og ríkið með bankana," segir í verðmatinu.

51,4

milljarðar er það sem Capacent metur Símann á. Markaðsvirðið er 47 milljarðar króna.

Greinendur Capacent leggja fram aðra spurningu. „Hvað með framtíðarrekstur og virði Símans ef Míla yrði seld? Vissulega er gerlegt að skipta Símanum upp og mikil verðmæti gætu verið falin í Mílu. Að sama skapi er áhættan nokkur og gæti valdið usla ef kaupendurnir yrðu aðrir en lífeyrissjóðirnir," segir í verðmatinu.

Síminn réðst í hagræðingaraðgerðir árið 2016 og hefur haldið áfram þeirri vegferð á síðustu árum. Í verðmatinu er vakin athygli á að árangurinn endurspeglist í hærra rekstrarhagnaðarhlutfalli. Afkoma Símans var að stærstum hluta í samræmi við væntingar Capacent á fyrstu níu mánuðum ársins. Tekjur og framlegð voru í samræmi við væntingar en kostnaðarhlutfall var heldur hagstæðara.

Rekstrarhagnaður (EBIT) Símans fyrstu níu mánuði ársins dróst saman um 250 milljónir. Síminn tapaði heildsölusamningi við 365 miðla á öðrum fjórðungi 2018. Við það dróst framlegð ef til vill saman um 40 milljónir. Væntanlega má rekja minni rekstrarhagnað til samdráttar í framlegð. Veiking krónu hefur hækkað innkaupsverð á sjónvarpsþáttum en Capacent nefnir að erfitt sé að hækka áskriftarsamninga sem eru bundnir marga mánuði fram í tímann. „Hörð samkeppni á farsímamarkaði og almenn niðursveifla hafa væntanlega líka haft sitt að segja er varðar þróun rekstrarhagnaðar." **– hvj**

Esjumelar fyrir atvinnustarfsemi

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt fjögurra lóða á Esjumelum - Varmadal undir atvinnuhúsnæði.

- Við Norðurgrafarveg 1 er heimilt að byggja 1.879,6 m² atvinnuhúsnæði.
- Við Járnsléttu 2 er heimilt að byggja 1.691,6 m² atvinnuhúsnæði.
- Við Járnsléttu 4 er heimilt að byggja 1.691,6 m² atvinnuhúsnæði.
- Við Járnsléttu 6 er heimilt að byggja 1.691,6 m² atvinnuhúsnæði.

Leitað er eftir tilboðum í allan byggingarrétt hverrar lóðar fyrir sig.

Skilafrestur tilboða til móttöku Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, er til kl. 13:00 þann **9. janúar 2020**.

Tilboð verða opnuð kl. 13:15 sama dag í Ráðhúsi Reykjavíkur, að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**

„Ég er þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðakerfið sé orðið of umsvifamikið á hlutabréfamarkaði og það geti heft eðlilega verðmyndun," segir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lúxus að stofna banka frá grunni

Vonir standa til að Lykill fái viðskiptabankaleyfi um mitt næsta sumar. Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segist hafa orðið svekktur þegar kaupin á Lykli gengu ekki eftir í fyrstu atrennu og gerði því aðra tilraun. Seinna tilboðið var eins fyrirvaralítið og hægt var.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

„Við höfum áhuga á að koma á fót banka sem skorar stóru bankana á hólm," segir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. „Sá banki væri ekki með þunglamalega yfirbyggingu eða fortíðarvanda á borð við gömul tölvukerfi, eins og stóru bankarnir þrír. Það er lúxus að geta byrjað frá grunni," segir hann.

Vonir standa til að Lykill, sem TM keypti nýverið, fái viðskiptabankaleyfi um mitt næsta sumar. „Ég hef ekki áhuga á að stofna alhliða banka heldur munum við finna okkar syllu á markaðnum. Til viðbótar við þá þjónustu sem Lykill býður, sem er að stærstum hluta fjármögnun bíla og atvinnutækja, munum við byrja á að bjóða innlán," segir hann.

Tryggingafélagið keypti Lykil á 9,25 milljarða króna, auk þess mun hagnaður ársins renna til seljanda. Reiknað er með að hann muni nema um 600 milljónum króna. Hlutfall kaupverðs á móti áætluðu eigin fé, svokallað V/H hlutfall, í árslok 2019 er 0,82 miðað við áætlanir um afkomu Lykils á árinu 2019. „Við erum að kaupa eigið fé á afslætti," segir Sigurður.

Hann segir að eigið fé TM sé meira en þurfi til rekstrarins og verði nýtt við kaupin. Til að fjármagna það sem upp á vantar verður ráðist í þriggja milljarða króna hlutafjáraukningu að markaðsvirði. Útboðið hófst á mánudag og lýkur á morgun.

Fyrirvaralítið tilboð

Hvers vegna keypti TM Lykil?

„Undanfarin ár höfum við velt vöngum yfir því hvað framtíðin í tryggingarekstri muni bera í skauti sér í ljósi aukinnar sjálfvirknivæðingar og tæknibreytinga. Við erum þeirrar skoðunar að bílatryggingar, sem eru langsamlega stærsti þáttur trygginga, muni dragast saman þegar sjálfkeyrandi bílar munu ryðja sér til rúms. Leiða má líkur að því að slíkir bílar muni lenda í færri tjónum og það leiði til lægri iðgjalda.

Af þeim sökum höfum við haft áhuga á að skjóta nýrri stoð undir reksturinn. Við höfum fylgst vel með þróuninni erlendis. Mörkin á milli banka, trygginga og lífeyrissjóða eru að verða óskýr. Af þeim sökum höfum við skoðað hvort hyggilegt væri að reka séreignasjóði, eignastýringu eða leggja stund á fjármögnunarstarfsemi.

TM hefur í áratugi stundað fjármögnunarstarfsemi þótt umsvifin hafi verið lítil. Við höfum einungis boðið upp á hefðbundið veðlán en ekki lánasamninga eða leigusamninga. Við þekkjum því ágætlega til. Í fyrra bauðst tækifæri til að kaupa Lykil þegar fyrirtækið fór í söluferli.

Við kynntum okkur félagið ofan í kjölinn, mótuðum framtíðarsýn um hvernig samþætta mætti reksturinn við TM og buðum í fyrirtækið. Tilboð okkar var álitlegast og nánari viðræður hófust við Klakka, eigenda Lykils, en það slitnaði upp úr þeim. Það náðust ekki samningar.

> **Við erum því nánast að tvöfalda efnahagsreikning sameinaðs félags. Það verður ærið verkefni að sameina þau.**

Skaðabótakerfið með öðru sniði hér en annars staðar

Neytendasamtökin hafa vakið athygli á að iðgjöld trygginga eru hærri hér á landi en í samanburðarlöndum. „Það er verið að bera saman epli og appelsínur," segir Sigurður. „Skaðabótakerfið er að ýmsu leyti með öðrum hætti hér en annars staðar. Í Danmörku eru til dæmis ekki greiddar örorkubætur fyrir minna en 15 prósent örorku en hér á landi er miðað við eitt prósent örorku.

Ísland ætti að horfa til annarra landa hvað þetta varðar. Tryggingafélögin myndu þess í stað greiða fyrir atvinnutjón, miskabætur og sjúkrakostnað," segir hann.

Sigurður segir að mikill tími fari oft til spillis við að bíða eftir örorkumati. Betra sé fyrir þá sem lenda í slysum að fara við fyrsta tækifæri í sjúkraþjálfun og setja þannig sem mesta áherslu á endurhæfingu. Ef ekki sé gripið inn í sé hætta á að meiðslin verði verri og afleiðingarnar afdrifaríkari. Aftur á móti þýðir meiri örorka hærri örorkubætur fyrir viðkomandi. „Þetta er ekki hollt fyrir samfélagið að hvatakerfinu sé stillt upp með þessum hætti," segir hann.

Sigurður segir að hluti af vandanum sé sá að þetta fyrirkomulag leiði til þess að þeir sem metnir séu með hærri örorku fái lægri bætur því kerfið sé dýrara en annars staðar. Of lítill munur sé á greiddum bótum til þeirra sem eru metnir með lága örorku og þeirra sem eru metnir með hærri örorku.

„Það fer afar mikill tími tryggingafélaga í þessi minni mál. 91 prósent af okkar málafjölda lýtur að örorku sem er undir 15 prósentum og 75 prósent af örorkubótum snúa að málum sem eru undir 15 prósent örorku," segir hann.

FÓLK Heimili

MIÐVIKUDAGUR 11. DESEMBER 2019

Fagnaðarerindi úr ítölsku damaski

Óhætt er að segja að verslunin Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28, sem nú fagnar eins árs afmæli, hafi slegið í gegn. Björn Þór Heiðdal verslunarstjóri segir tilvalið að gefa rúmföt í jólagjöf enda sé fátt betra en að sofna undir mjúkum ítölskum sængurfatnaði. →2

Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri hjá Rúmföt.is, og Margrét Guðlaugsdóttir saumakona sem sérsaumar rúmföt úr gæða efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er skemmtilegt að selja vönduð og góð rúmföt," segir Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is. Verslunin var opnuð fyrir rúmu ári á Nýbýlavegi 28 og hafa móttökurnar farið fram úr björtustu vonum, að mati Björns.

„Það er ótrúlega gaman að geta boðið upp á sængurfatnað sem enginn annar selur á Íslandi. Við eyðum einum þriðja af ævi okkar í rúminu og því skipta góð rúmföt máli. Það er enda fátt betra en að leggjast upp í nýumbúið rúm með hreinum og mjúkum rúmfötum, helst úr dásamlegu satíni eða damaski úr egypskri bómull," segir Björn.

Sérsaumaður rúmfatnaður

Sérstaða Rúmföt.is liggur ekki einungis í þeim gæða efnum sem rúmfötin eru saumuð úr. Þau eru líka mörg hver saumuð á staðnum af Möggu saumakonu, eða Margréti Guðlaugsdóttur eins og hún heitir fullu nafni.

„Ég saumaði meðal annars fyrir Fatabúðina á sínum tíma en einnig fyrir búðirnar Höfnina, Erlu við Snorrabraut og Kristínu, en þær eru allar löngu farnar. Síðust til að fara var Fatabúðin og var mikil eftirsjá að henni," segir Magga sem er öllum hnútum kunnug þegar kemur að vönduðum saumaskap.

Lúxus frá ítölskum vefara

Í dag er auðvelt að kaupa rúmföt fyrir lítið fé en Björn segir mun erfiðara að finna hágæða rúmföt.

„Það er vissulega hægt að kaupa sæmilegt rúmföt víða um land en líkurnar á að finna hágæða, lúxus rúmfatnað í næstu verslun eru nánast engar," segir Björn sem fyrir tveimur árum heimsótti vefara á Ítalíu sem framleiðir mörg af þeim undurvönduðu efnum sem Magga saumar úr fyrir Rúmföt.is.

„Á Ítalíu átti ég fínan fund með sölumanni sem ég hafði aldrei talað við áður. Það fór smá tími í að kynnast honum og spjalla um land og þjóð en það var eitt sem hann sagði við mig sem var dálítið eftirminnilegt og sennilega alveg rétt. Á ítölsku er orðið „dýrt" notað yfir það þegar þú borgar meira fyrir hlutinn en hann ætti að kosta. Þannig er ísinn á Markúsartorginu í Feneyjum „dýr". Ekki vegna þess að hann sé svo miklu betri en annar ítalskur ís. Þvert á móti er hann bara dýr vegna þess að hann er seldur á hinu víðfræga Markúsartorgi," útskýrir Björn.

„Ítalir eiga líka annað orð sem hefur þá merkingu að hluturinn sé dýr en þó sé borgað fyrir raunveruleg gæði hans. Ég held að Íslendingar eigi ekki neitt svipað orð. Allavega dettur mér ekki neitt í hug. Því segja íslensku orðin „dýrt" og „ódýrt" ekkert um gæði vörunnar sem keypt er," útskýrir Björn.

Sennilega ólæknandi

Nýverið hóf Rúmföt.is sölu á hágæða dúnsængum frá Þýskalandi.

„Góð rúmföt skipta máli en sængin leikur líka stórt hlutverk í góðum nætursvefni. Sængin verður að vera létt en þó hafa góða fyllingu og einangrun í samræmi við hitastigið í herberginu. Sængurnar sem við seljum eru virkilega góðar og þótt sæng kosti smá pening er hún þess virði. Dúnninn í þýsku sængunum er í mjög háum gæðaflokki og það sama gildir um ytra byrðið," upplýsir Björn.

Í Rúmföt.is er einnig fáanlegur hágæða rúmfatnaður frá þremur ítölskum vefurum.

„Ég er með rúmfatadellu á háu stigi. Sennilega er þetta ólæknandi en búðin gerir mér kleift að fá almennilega útrás og flytja inn rúmföt sem annars væru ekki framleidd fyrir íslenskan markað, eða bara alls ekki. Það er ekki nóg fyrir mig að kaupa lagervöru. Ég fæ tvo af þessum þremur vefurum til að vefa fyrir mig efni sem Magga saumar úr. Ég vel munstrið, litina og þráðinn sem er ofið úr og alltaf spyr ég hvort það sé ekki hægt að fá enn betri og flottari þráð til að vefa úr. Aldrei hvað sé ódýrara. Ég vil bara það besta," segir Björn brosandi.

Nú þegar eru tvær vikur til jóla á Björn von á sendingu frá þeim víðfræga, ítalska vefara Quagliotti.

„Mér líður eins og ég sé aftur orðinn níu eða tíu ára. Bíðandi eftir að klukkan verði sex svo ég fái að opna fyrsta jólapakkann fyrir mat," segir Björn, fullur tilhlökkunar.

Yndisleg og vönduð satín rúmföt með kirsuberjablómamynstri og mislitum koddaverum í mildum litum. Verð aðeins 10.900 krónur.

Sex hundruð þráða satín sem fæst í mörgum fallegum litum. Verð 15.800 krónur.

Rúmföt úr ítölsku satíni, sérsaumuð á Íslandi af Margréti Guðlaugsdóttur saumakonu.

Þetta dásamlega sett er frá víðfrægum ítölskum vefara og sérstaklega ofið fyrir Rúmföt.is.

„Ég er með rúmfatadellu á háu stigi. Sennilega er þetta ólæknandi en búðin gerir mér kleift að fá almennilega útrás.

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Opið alla virka daga frá klukkan 12 til 18 og á laugardögum frá klukkan 11 til 15. Sími 565 1025. Sjá nánar á rumfot.is

Glæsileg, þýsk gæðarúmföt frá Curt Bauer.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar

Bakpokar frá Osprey

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega.

Kestrel 38L
Göngubakpoki
verð 28.990 kr.

Talon 33L
Fisléttur alhliða bakpoki
verð 21.990 kr.

Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
verð 28.990 kr.

Daylite 13L
Léttur bakpoki
verð 9.990 kr.

Aether 70L
Burðarbakpoki
verð 43.990 kr.

Stuff Pack 18L
Léttur, pakkast vel saman
verð 5.490 kr.

Skipulagspokar
fyrir ferðatöskuna
3 saman í pakka
verð 5.190 kr.

Transporter dufflar
verð frá 21.990 kr.

Daylite Waist
Mittistaska
verð 6.490 kr.

KEEN Venice kvenna
Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Léttir og áræðanlegir.
Stærðir: 35-42
16.990 kr.

KEEN

SANDALAR OG GÖNGUSKÓR

KEEN Newport herra
Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.
Stærðir: 40,5-48,5
17.990 kr.

KEEN Targhee III Mid WP kvenna/herra
Vatnsheldir gönguskór 24.990 kr.

KEEN Venice II H2 kvenna
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.

KEEN Targhee III WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór 21.990 kr.

KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
16.990 kr.

KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
19.990 kr.

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
19.990 kr.

KEEN Rialto II herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

GG·sport

GG-sport BYKO

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Fasteignir

KLETTATRÖÐ - ÁSBRÚ
235 Reykjanesbæ

1815 fm skrifstofuhúsnæði á 2 hæðum til sölu, byggt 1990

- Steinsteypt hús með stóru bílastæði fyrir framan húsið og góðum garði fyrir aftan
- Reykjanesbær - Stutt á flugvöllinn
- Möguleiki er að leigja eignina í heilu lagi eða í hluta

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð: **290 millj.**

MIKLABORG **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Tilboð

Tilboðsverð!
Skrifborðsstólar

Hvítur stóll
18.104 kr

Svartur stóll
15.500 kr

Hitateppi
80x169 cm
1.138 kr

Rakvél
3.224 kr

Hitateppi f hendur
4.439 kr

SG Hárblásari
4.898 kr

Stálhnífaparasett 50 stk
4.340 kr

S. Gunnbjörnsson ehf
heildverslun

Iðnbúð 8, 210 Garðabæ • S: 897 3317
ALLTAF GOTT VERÐ!!

Þjónusta

Snjómokstur

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

Fjölplógar frá Pronar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir góðan styrk og endingu. Fjöldi stærða í boði. Dæmi: 3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk
Festing frá 47.000 kr. + vsk

PRONAR **AFLVÉLAR**
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Píulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

GERA FÍNT FYRIR JÓLIN?
Tek að mér ýmis konar húsaviðhald. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

4 herb. hugguleg íbúð í Hólahverfi. Stutt í þjónustu og skóla. Ekki hússjóður. Tryggingavíxill. Sími 860 5533.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Kom til greina sem bankastjóri Arion

Sigurður staðfestir að hann hafi komið til greina sem forstjóri Arion banka. „Ég sóttist ekki eftir starfinu en ég neita því ekki að það var haft samband við mig. Þetta er áhugaverð staða en mér þykir vegferðin sem TM er á feykilega spennandi. Það er mun skemmtilegra að stýra félagi sem er í vexti en að takast á við fortíðarvanda sem Arion banki er að einhverju leyti að glíma við núna á borð við gömul tölvukerfi og skipulag sem átti við þegar bankinn var stærri. Í þeim aðstæðum getur verið erfitt að koma verkum í framkvæmd með því sniði sem stefnt var að. Það er spennandi að hafa hreint borð, sérstaklega þegar fjártækni er að ryðja sér til rúms, koma á fót banka og keppa við Arion og aðra banka á afmörkuðum sviðum," segir hann.

Þegar rykið hafði sest og við fórum að skoða að stofna sambærilegt félag frá grunni, þá áttaði ég mig á að ég var svekktur yfir því hvernig fór. Það var því ákveðið að gera aðra atlögu í sumar. Áður en einkaviðræður hófust aftur vorum við og viðsemjandinn búin að ákveða verð og helstu skilmála.

Tilboðið var eins fyrirvaralaust og hægt var. Að sjálfsögðu urðu eftirlitsstofnanir, það er Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið, að samþykkja kaupin sem og hluthafafundur TM. Það hefði mikið þurft út af að bera í áreiðanleikakönnun til að samningar myndu ekki nást.

Samkeppniseftirlitið og hluthafafundur hafa samþykkt kaupin og beðið er eftir heimild til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki frá Fjármálaeftirlitinu."

Hver er munurinn á samningunum sem fallið var frá og þeim sem síðar voru samþykktir?

„Það hefur ýmislegt breyst. Má nefna að eigið fé Lykils er minna eftir arðgreiðslu til eigenda og fækkað hefur í eigendahópi Klakka. Það einfaldaði samningaviðræður.

Það sem meðal annars flækti okkar fyrra tilboð var að við sóttumst eftir seljendaláni til að fjármagna hluta af kaupverðinu en í seinna skiptið var boðið reiðufé í allt félagið. Við leitum því til hluthafa TM til að brúa það sem upp á vantar."

Sigurður segir að starfsfólk Lykils muni starfa í höfuðstöðvum TM við Síðumúla. „Lykill og TM munu sinna sölu, þjónustu og þróun en móðurfélagið mun annast stoðþjónustu. Upplýst verður um hver samlegðaráhrifin verða samhliða birtingu ársuppgjörs TM."

Stórt skref að kaupa Lykil

Horfið þið til þess að sameina Lykil eða TM öðru fjármálafyrirtæki?

„Nei, það er stórt skref að kaupa Lykil. Efnahagsreikningur félagsins er álíka stór og TM. Við erum því nánast að tvöfalda efnahagsreikning sameinaðs félags. Það verður ærið verkefni að sameina þau."

Hvernig horfir við þér að fjárfesta í bílalánasafni þegar samdráttur er í efnahagslífinu og vanskil munu mögulega aukast?

„Ef til vill er það ekki heppilegasti tíminn til að fjárfesta í bílalánasafni þegar hægja tekur á hagkerfinu. Við höfum látið gera áreiðanleikakönnun og teljum að lánasafnið standi vel og veðin séu góð. Ég hef því ekki áhyggjur af lánasafni Lykils."

Hvað er skattaleg inneign Lykils mikil?

„Skatteign félagsins stendur í tæplega 1,1 milljarði króna. Raunar gæti fjárhæðin verið enn hærri ef væntur hagnaður félagsins verður meiri. Það verður að vera raunhæft að hún nýtist til að hægt sé að bókfæra hana í því skyni að hún gefi glögga mynd af stöðu félagsins. Ef afkoman verður enn betri en reiknað er með, getur verið meiri skatteign til staðar sem hægt yrði að nýta."

Sigurður bendir á að nýta verði skattalega inneign Lykils í skyldri starfsemi og því má ekki yfirfæra hana á rekstur TM.

Þú hefur stýrt TM í tólf ár. Hver hefur verið mesta breytingin á rekstrinum á tímabilinu?

„Þegar horft er til tryggingafélaganna utan frá mætti halda að lítið hefði breyst. Staðreyndin er hins vegar sú að margt hefur breyst. Langstærsta breytingin lýtur að samsettu hlutfalli. Þegar ég hóf störf hjá TM árið 2007 voru hlutföllin um 120-130 prósent hjá tryggingafélögunum fjórum hér á landi. Nú verða stjórnendur tryggingafélaganna svekktir ef hlutfallið er ekki vel undir 100 prósent," segir Sigurður.

Samsetta hlutfallið segir til um hvernig til tókst að láta iðgjöld mæta kostnaði við tjón og rekstur félagsins. Þetta er því mælikvarði á grunnrekstur tryggingafélaga. Eftir því sem hlutfallið er lægra því betur tókst til að láta iðgjöld, það er tekjur, mæta kostnaði. Hinn armurinn í rekstri tryggingafélaga eru fjárfestingar. Tryggingafélög taka við iðgjöldum, fjárfesta þau og greiða út tjón seinna.

Hafði víðtækar heimildir

„Stjórnarhættir hafa einnig tekið stakkaskiptum. Þegar ég hóf störf hafði TM ekki mótaða fjárfestingastefnu. Segja má að fjárfestingarnar hafi verið í öðrum vasa forstjórans. Fram kom í fjölmiðlum að ég væri an mann að taka við stóru fyrirtæki. Árið síðar hrundi fjármálakerfið og því fylgdu miklar áskoranir. TM átti á þeim tíma dótturfélag í Noregi sem heitir Nemi og var svipað að stærð og TM hvort sem litið er til iðgjalda eða efnahags. Ég var stjórnarformaður Nemi og það var krefjandi að vinna með stjórnendum félagsins á þeim tíma. Að sama skapi höfðu lánshæfismatsfyrirtækin meiri trú á reyndu norsku stjórnendum tryggingafélagsins en unga Íslendingnum.

Það sem bjargaði TM í hruninu var að við höfðum selt allar áhættusamar fjárfestingareignir sem við gátum komið í verð. Við reyndum að gera slíkt hið sama í Noregi en mættum mótspyrnu. Við hefðum getað selt enn fleiri eignir ef stjórnendur Nemi hefðu verið samvinnuþýðir. Þarna spilaði inn munur á menningu, Norðmennirnir voru reyndari og við hlustuðum á sjónarmið lánshæfismatsfyrirtækja. Eflaust hefði ég gert hlutina öðruvísi ef ég stæði í sömu sporum í dag með þá reynslu sem ég hef aflað mér. Að sama skapi bý ég líka yfir meira sjálfstrausti nú. Þessi tólf ára vegferð byrjaði með miklum látum.

Eftir hrunið tók Gunnar Andersen við sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins og við tók undarlegur tími hjá stofnuninni. Mér leið eins og ég sætti stöðugum lögreglurannsóknum. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins rannsökuðu TM í bak og fyrir. Við sátum undir alls kyns dylgjum og samsæriskenningum.

Þetta var erfiður og óþægilegur tími. Ég er þakklátur fyrir það að stjórn TM stóð þétt við bakið á mér. Við höfðum ekkert að fela. Það kom í ljós að lokum."

Mun tjónum fækka samhliða samdrætti í efnahagslífinu?

„Já, við sáum það glögglega eftir hrun. Í minnkandi hagvexti dragast tjón saman og reyndar fjárfestingartekjur líka. Þessar stoðir vinna vel saman. Í uppsveiflu má búast við góðum fjárfestingartekjum en tjónin aukast. Því er öfugt farið í niðursveiflu.

Þetta samspil er þó ekki alltaf

Krafa um aukið eftirlit eftir GAMMA-klúður

„Það var margt sem klikkaði í rekstri Novus, fasteignaþróunarsjóðs GAMMA. Ekki bara starfsmenn GAMMA heldur aðrir í keðjunni, til dæmis verkfræðistofur, enda var eftirlitinu ábótavant," segir Sigurður. TM fjárfesti í sjóðnum en eigið fé hans þurrkaðist út í sumar þegar eignir voru endurmetnar eftir kaup Kviku banka á GAMMA.

„Það er verið að draga upp mynd af því sem aflaga fór við rekstur sjóðsins. Það er augljóst að ekki var gætt aðhalds í kostnaði. Eflaust skiptir þar máli að um var að ræða sjóðsstjóra í fasteignasjóði í stað reynds byggingarverktaka.

Þetta kennir okkur að jafnvel þótt menn séu flinkir í að rýna í hagtölur og markaðinn þá skiptir önnur reynsla líka máli. Ég trúi því enn að ekkert saknæmt hafi átt sér stað. Við fáum vonandi niðurstöður hvað það varðar á nýju ári. Það geta allir lært af þessu."

Hvað er hægt að lært af þessu?

„Við hjá TM munum gera kröfur um aukið eftirlit og sérfræðiþekkingu á hverju sviði þegar kemur að fjárfestingum í framtakssjóðum. Það sem við lögðum mat á reyndist allt rétt, tækifærið var til staðar og gekk vel framan af en framkvæmdin klikkaði á síðari stigum."

> **Eftir hrunið tók Gunnar Andersen við sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins og við tók undarlegur tími hjá stofnuninni. Mér leið eins og ég sætti stöðugum lögregluannsóknum.**

happadrjúgt. Hlutabréfaverð byggir á væntingum um framtíðina. Fjárfestar verðleggja því niðursveiflu inn í hlutabréfaverð áður en til hennar kemur. Í fyrra lækkaði hlutabréfaverð því samdráttur var á næsta leiti nema hvað að það var enn mikill hagvöxtur í raunhagkerfinu og því var enn mikið um tjón.

Að sjálfsögðu er þessu öfugt farið í niðursveiflu þegar fjárfestar telja að hagkerfið fari að taka við sér, þá hækkar hlutabréfaverð, en það er enn hægagangur í raunhagkerfinu og því er lítið um tjón. Við lentum í slíkum aðstæðum árið 2011. Það var okkar besta ár hvað varðar samsetta hlutfallið.

Við fjárfestum mikið á árunum 2012 til 2014 í óskráðum eignum. Þær hafa verið seldar á undanförnum tveimur árum með góðum árangri. Ársávöxtun (e. IRR) eignanna er á bilinu 26 til 51 prósent," segir Sigurður. Um var að ræða Arnarlax, Festi og HS Veitur.

Ekki sömu fjárfestingartækifæri

„Við höfum ekki komið auga á slík tækifæri núna. Það spilar inn í ákvörðunina að kaupa Lykil. Við nýtum sex og hálfan milljarð króna úr fjárfestingabókinni til að kaupa óskráð hlutabréf, sum sé Lykil. Sá rekstur mun skila stöðugum tekjum inn í samstæðuna. Þess vegna lítum við svo á að það sé verið að draga úr áhættu og sveiflum í rekstri með kaupunum. Kaupin munu hafa í för með sér að fjárfestingartekjurnar, sem eru eðli málsins samkvæmt sveiflukenndar, verða stöðugri."

Hvernig kom það til að TM fjárfesti í Stoðum?

„Það var tækifæri sem við gátum ekki látið fram hjá okkur fara. Upphafið má rekja til þess að Jón Sigurðsson, sem setið hafði í stjórn evrópska drykkjarvöruframleiðandans Refresco frá árinu 2009, lagði til að við tækjum þátt í að fjárfesta í fyrirtækinu árið 2017 ásamt hópi fjárfesta. Við sáum augljóst tækifæri til að hagnast á skömmum tíma," segir hann.

Jón var áður forstjóri FL Group sem fjárfesti í Refresco árið 2006. Í kaupendahópnum árið 2017 voru, auk TM, félög á vegum Jóns, Einars Arnar Ólafssonar fjárfestis, Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarmanns í TM, og Magnúsar Ármann, fjárfestis og fyrrverandi stjórnarmanns í FL Group.

„Refresco var selt í árslok 2017. Í kjölfarið var ákveðið að halda áfram á sömu braut og stofna fjárfestingafélag. TM er einungis með tvo og hálfan starfsmann til að annast fjárfestingar og því skynsamlegt að leggja fé í fjárfestingafélag sem við höfum mikla trú á. Við þekkjum vel til starfsmanna og stjórnar Stoða og teljum að þarna sé teymi sem geti náð betri árangri en margir aðrir. Þetta var einföld ákvörðun," segir Sigurður. Helstu eignir Stoða eru hlutir í Arion banka, Símanum og TM.

Skrautlegt ár í Kauphöll

Hvernig horfir gengisþróun hlutabréfa í Kauphöll Íslands við þér?

„Árið hefur verið skrautlegt. Á öðrum fjórðungi sendi TM tilkynningu til Kauphallarinnar um jákvæða afkomuviðvörun í ljósi hækkana á hlutabréfamarkaði. Svo tóku hlutabréf að lækka og upplýst var um slæma stöðu Novus, fasteignaþróunarsjóðs í rekstri GAMMA. TM birti því neikvæða afkomuviðvörun á þriðja ársfjórðungi. Í þarsíðustu viku tók hlutabréfaverð kipp vegna væntinga um að vísitölufyrirtækið MSCI myndi taka íslenska markaðinn inn í sitt vísitölumengi. Helgina eftir lækkaði hlutabréfaverð þegar í ljós kom að MSCI myndi ekki horfa til Íslands að sinni þótt hækkunin vikuna áður hefði ekki gengið til baka. Það eru því miklar sveiflur á markaðnum.

Heilt yfir tel ég að hlutabréfamarkaðurinn sé hóflega verðlagður, þótt vissulega séu undantekningar. Við sjáum tækifæri í ákveðnum félögum á markaðnum og þykir sum þeirra jafnvel mjög ódýr. "

Hvers vegna eru svona miklar sveiflur á markaðnum?

„Sveiflurnar má í sumum tilvikum rekja til þess að fjármagn ýmist streymir inn á markaðinn eða af honum en allt í sömu átt á sama tíma. Flæði getur haft mikil áhrif á hlutabréfaverð. Til dæmis komu erlendir fjárfestar inn á markaðinn á svipuðum tíma. Það hafði mikil áhrif á hlutabréfaverð. Eins hafa lífeyrissjóðir haldið að sér höndum og einkum fjárfest í erlendum hlutabréfum á árinu í því skyni að auka hlutfall erlendra eigna í eignasafninu."

Lífeyrissjóðir hefti verðmyndun

Hvað þarf til að bæta umgjörðina um hlutabréfamarkaðinn?

„Ég er þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðakerfið sé orðið of umsvifamikið á hlutabréfamarkaði og það geti heft eðlilega verðmyndun. Það var af hinu góða þegar erlendir fjárfestar hófu að gera sig gildandi á markaðnum eftir losun fjármagnshafta. Erlendir fjárfestar áttu þegar mest var 15 prósent í TM en hlutfallið er núna 13 prósent. Það var nýtt í sögu hlutabréfamarkaðarins að erlendir fjárfestar sýndu honum svo mikinn áhuga.

Tiltölulega fáir einkafjárfestar eru á markaðnum um þessar mundir en nefna má til dæmis fjárfestingafélagið Stoðir og ýmsa efnameiri einstaklinga. Hinn venjulegi Íslendingur hefur í flestum tilfellum ekki tök á að leggja meira fyrir í hverjum mánuði en það sem hann greiðir í lífeyrissjóð. Nær allur sparnaður Íslendinga rennur í lífeyrissjóðina. Það er áhyggjuefni enda eiga lífeyrissjóðir um það bil helming af íslenska hlutabréfamarkaðnum og ráða því að nokkru leyti verðmyndun hans.

Margir erlendir fjárfestar hafa áhuga á að festa kaup á íslenskum hlutabréfum en taka ekki af skarið í ljósi þess hve lítil velta er á markaðnum. Þeir óttast að eiga í erfiðleikum með að selja bréfin þegar að því kemur. Erlendir sjóðsstjórar vilja geta skipt um skoðun og keypt og selt eftir hentugleika.

Það væri til bóta ef kerfið væri einfaldað og séreignarsparnaður fólks væri í meiri mæli í eignastýringu hjá verðbréfafyrirtækjunum. Verðbréfasjóðirnir þurfa að vera umsvifameiri á hlutabréfamarkaði. Þeir hreyfa sig mest, kaupa og selja hlutabréf eftir hentugleika. Það skapar seljanleika á markaðnum sem margir fjárfestar, þar með talið erlendir, telja til grundvallarþáttar sem þurfi að vera til staðar áður en fjárfest er á tilteknum markaði."

Meta fasteignaverð með gervigreind

Two Birds hefur þróað lausn sem notar gervigreind til að reikna áætlað markaðsvirði fasteigna og veitir aðrar markaðsupplýsingar. Kaupa alla kaupsamninga og verðmeta allar íbúðareignir á landinu daglega. Ætlað að auðvelda ákvarðanir í fasteignaviðskiptum.

Nýsköpunarfyrirtækið Two Birds hefur þróað lausn sem notar gervigreind til að reikna áætlað markaðsvirði fasteigna og veitir aðrar mikilvægar markaðsupplýsingar sem gagnast einstaklingum og fyrirtækjum við fasteignaviðskipti. Markmiðið er að einfalda flóknar ákvarðanir með því að vinna með gögn og búa til úr þeim notendavænar upplýsingar.

„Fasteignakaup eru oftar en ekki stærstu fjárfestingar sem fólk ræðst í og því er mikilvægt að byggja þær ákvarðanir á traustum upplýsingum," segir Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Two Birds. Félagið var stofnað vorið 2018 og tók þá við þróunarvinna og víðtæk söfnun gagna um fasteignamarkaðinn. Afrakstur þess var Eignavísirinn sem var kynntur til sögunnar síðasta sumar.

„Við höfum þróað líkan sem notast við gervigreind og reiknar áætlað markaðsvirði fasteigna. Matið er byggt á þinglýstum kaupsamningum mörg ár aftur í tímann ásamt fleiri breytum og gervigreindin gerir það að verkum að matið verður nákvæmara með hverjum kaupsamningi. Við kaupum alla kaupsamninga og allar íbúðareignir á landinu eru verðmetnar daglega," segir Auður.

Verðmætið í Eignavísinum liggur ekki eingöngu í að fá áætlað markaðsverð eða verðbil eins og sett er fram í skýrslunni heldur einnig í upplýsingum um ásett verð, söluverð og sölutíma sambærilegra seldra eigna í nálægð við fasteignina. Til viðbótar við þetta birtir skýrslan upplýsingar um eignir sem eru til sölu í hverfinu, þróun á ásettu verði og upplýsingar um hversu marga daga eignin hefur verið í sölu. Þá er hægt að sjá staðsetningu helstu þjónustu í nágrenninu, hvort sem um er að ræða göngufæri, hjólafæri eða akstursfjarlægð. Skýrslan er verðlögð á 1.990 krónur.

Auður vann í þrettán ár hjá tryggingafélaginu VÍS áður en hún hóf störf hjá Two Birds. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það er mikil valdefling fyrir bæði kaupendur og seljendur að hafa nú aðgang að óháðu verðmati sem byggist á umfangsmiklum gögnum.**

Fjárfesta ríkulega áður en tekjur berast

Í opnuviðtali við Markaðinn í byrjun árs greindi Reynir Grétarsson frá því að hann ætti 75 prósenta hlut í Two Birds á móti öðrum fjárfestum og starfsmönnum. 75 milljónir króna hefðu verið lagðar í fyrirtækið og stefnt yrði að því að fjárfestingin yrði yfir 100 milljónir króna.

„Two Birds þarf að fjárfesta ríkulega áður en tekjur fara að berast en þá er líka kominn skalanleiki og erfiðara fyrir keppinauta að taka viðskiptin af þér. Ef einhver vill gera það sama þarf að ráðast í sömu fjárfestingu og þegar það er samkeppni á markaðnum er ekki víst að hún náist til baka. Two Birds minnir á Creditinfo á Íslandi sem hefur haft svipaðan starfsmannafjölda í tíu ár þótt tekjurnar aukist yfirleitt um 5-10 prósent á ári," sagði Reynir.

„Lengst af hefur þetta verið þannig að einstaklingar hafa haft takmarkaðar upplýsingar þegar þeir kaupa eða selja fasteignir. Þess vegna er mikil valdefling fyrir bæði kaupendur og seljendur að hafa nú aðgang að óháðu verðmati sem byggist á umfangsmiklum gögnum, og að geta séð á einfaldan hátt hvernig markaðurinn í hverfinu er að þróast. Þannig er auðveldara að taka þessa mikilvægu ákvörðun um hversu mikið eigi að bjóða í eða setja á fasteignina," segir Auður. „Hins vegar getur Eignavísir ekki tekið inn í myndina breytur eins og ástand eigna, þó hann sé mjög góður upphafspunktur í því að finna raunvirði eignar, og því mælum við alltaf með aðstoð fagmanna í fasteignaviðskiptum."

Til að byrja með var lögð áhersla á að kynna og selja Eignavísinn til fyrirtækja sem hafa hag af því að fá víðtækar og áreiðanlegar upplýsingar um fasteignaverð og fasteignamarkaðinn. Bankar, lífeyrissjóðir og fasteignasölur hafa nú þegar byrjað að styðjast við verðmatið.

„Eins höfum við nýtt verðmatslíkanið okkar í að verðmeta fasteignaeignasöfn fyrir fyrirtæki sem eiga fasteignir eða eru með veð í þeim og hefur verið ánægja með þá þjónustu okkar. En áhersla okkar er umfram allt á að styðja við einstaklinga sem koma inn á fasteignamarkaðinn í skamman tíma, til að kaupa eða selja fasteign," segir Auður.

Two Birds er í meirihlutaeigu, Info-Capital ehf., sem er í eigu Reynis Grétarssonar, stofnanda og aðaleiganda Creditinfo, og hefur aðsetur í sama húsnæði. Auður Björk starfaði í þrettán ár hjá tryggingafélaginu VÍS, lengst af sem framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, áður en hún hóf störf fyrir Two Birds.

„Reynir var í stjórn VÍS um tíma og eftir að ég lét af störfum þar hafði hann samband við mig og bað mig um að koma með sér í þessa vegferð. Ég kom fyrst inn í stjórn fyrirtækisins og tók síðan við sem framkvæmdastjóri fyrir um ári síðan," segir Auður.

Þá er Two Birds að þróa nýja vöru sem gerir einstaklingum kleift að reikna út hve há fasteignalán þeir geta tekið, borið saman lánakjör og greiðslubyrði lána og valið hagkvæmasta kostinn hvort sem um er að ræða endurfjármögnun, kaup á nýrri fasteign eða fjármögnun bifreiðarkaupa svo dæmi séu tekin. „Í könnun sem við framkvæmdum nýlega meðal almennings um húsnæðislán kom bersýnilega í ljós að þörf er á þjónustu sem hjálpar fólki að geta reiknað dæmið til enda og borið saman lánakjör á einfaldan hátt, meðal annars í þeim tilgangi að lækka mánaðarlega greiðslubyrði." **thorsteinn@frettabladid.is**

Vegferðin í nýsköpun er langhlaup

Svipmynd

Guðbjörg Rist

Nám
Master í framleiðsluverkfræði frá Chalmers University of Technology í Svíþjóð.

Störf
Framkvæmdastjóri Atmonia. Hef áður meðal annars starfað hjá Northstack, Arion Banka og Promens.

Fjölskylduhagir
Gift Daða Snæ Skúlasyni, deildarstjóra hjá Advania. Eigum tvö börn, Steinunni 3 ára og Jakob 1 árs.

Guðbjörg Rist er framkvæmdastjóri Atmonia sem var stofnað árið 2016. Atmonia þróar byltingarkennt ferli til umhverfisvænnar áburðarframleiðslu á smáskala. Ferlið mun nýta vatn og rafmagn til framleiðslu á áburði í vökvaformi sem hentar til dreifingar með úðakerfi. Það gerir bændum kleift að framleiða sinn eigin köfnunarefnisáburð og minnka kolefnisspor sitt í leiðinni. Þá er Guðbjörg ein af þeim tíu frumkvöðlum sem nýsköpunarráðherra hefur skipað til setu í nýrri hugveitu sem ætlað er að efla samstarf nýsköpunargeirans og stjórnvalda.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ferðalög og að borða góðan og spennandi mat. Ég elska að ferðast og koma á nýja staði og stefni á að heimsækja öll lönd í heiminum – er komin í 50 lönd, svo þetta gengur ágætlega.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Þessa dagana snýst hún aðallega um að koma krökkunum í föt og út um dyrnar á skikkanlegum tíma.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Af því sem ég hef lesið nýlega þá er það Factfulness eftir Hans Rosling. Þessi bók er svo góð áminning um hversu skekkt heimsmynd er oft dregin upp, sérstaklega á Vesturlöndum, og allar mýturnar sem enn þá eru við lýði um líf fólks sem er öðruvísi en við sjálf.

Hvaða tækifæri felast í vörunni sem Atmonia er að þróa?

Atmonia er að þróa mjög nýstárlega og spennandi tækni. Varan okkar er í raun lítið tæki sem getur framleitt nituráburð úr vatni, lofti og rafmagni sem er svo nýttur í landbúnað. Slíkur áburður er ein besta og ódýrasta leiðin til að auka heimtur í ræktun. Núna losar sambærileg áburðarframleiðsla hátt í tvö tonn af CO_2 fyrir hvert tonn af áburði, samtals um 1% af útblæstri heimsins – okkar tækni er algjörlega útblásturslaus. Þar fyrir utan höfum við möguleika á að nýta endurnýjanlega orku, svo sem sól og vind betur en núverandi tækni og síðast en ekki síst lækka áburðarkostnað bænda.

Guðbjörg Rist framkvæmdastjóri Atmonia. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þá gerir lausnin okkar það einnig mögulegt að framleiða áburð hvar sem er og getur það opnað nýja möguleika, sérstaklega fyrir eyríki og einangraða hluta Afríku, þar sem í dag er oft á tíðum enginn aðgangur að áburði.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin sem framkvæmdastjóri Atmonia undanfarin misseri og hver eru helstu verkefnin fram undan?

Ég hef nú aðeins gegnt stöðunni í rúman mánuð, en var þar á undan yfir viðskiptaþróun fyrirtækisins. Stærsta verkefnið er þó án efa fjármögnun fyrirtækisins, þar sem varan okkar er ekki komin á markað og við reiðum okkur því á fjárfesta og styrki.

Hvað finnst þér að megi betur fara í nýsköpunarumhverfinu hér á landi?

> **Það getur hins vegar verið erfitt fyrir lítil sprotafyrirtæki að koma vörum á borð við okkar frá rannsóknum og út á markað.**

Það mætti vera meira samráð og samræmdar aðgerðir milli mismunandi aðila í umhverfinu, og nota sameiginlega mælikvarða til að meta árangur og finna hvar götin eru í stuðningsnetinu.

Atmonia hefur notið góðs af umhverfinu og átt mjög farsæla samvinnu við ýmsa aðila, svo sem Rannís, HÍ, NMÍ og Icelandic Startups. Það getur hins vegar verið erfitt fyrir lítil sprotafyrirtæki að koma vörum á borð við okkar frá rannsóknum og út á markað. Sú vegferð er langhlaup sem krefst þess að fyrirtækin nái að brúa bilið milli þeirra rannsóknarstyrkja sem umhverfið býður upp á og vísisfjármögnunar sem fyrirtæki geta sótt sér þegar þau sjá fram á að geta komið lausn sinni á markað.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Vonandi sem forstjóra stórfyrirtækisins Atmonia.

Breytum innheimtu fasteignaskatta

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Velflest stærstu sveitarfélögin hafa nú afgreitt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Félag atvinnurekenda tók í haust höndum saman við Húseigendafélagið og Landssamband eldri borgara um að skora á sveitarfélögin að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts, jafnt á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Alþýðusambandið hefur sömuleiðis verið drjúgt í að minna sveitarfélögin á yfirlýsingu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem gefin var til að greiða fyrir kjarasamningunum í vor. Þar var mælzt til þess að sveitarfélögin hækkuðu ekki gjaldskrár meira en um 2,5%, til að axla ásamt öðrum ábyrgð á stöðugleika í verðlagi og að varðveita árangur kjarasamninganna.

Fréttirnar úr fjárhagsáætlanagerðinni benda til að þessi tilmæli og áskoranir hafi verið tekin hæfilega hátíðlega þegar kom að fasteignasköttum. Málflutningur áðurgreindra samtaka hefur vissulega skilað þeim árangri að af tólf stærstu sveitarfélögunum hafa átta ákveðið að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði, en sjö lækka skatt á atvinnuhúsnæði. Það vekur hins vegar athygli að vegna hækkana fasteignamats hækka skattgreiðslur jafnt íbúðareigenda sem eigenda atvinnuhúsnæðis víðast hvar þrátt fyrir lækkun álagningarprósentunnar, í mörgum tilvikum talsvert meira en um þau 2,5% sem miðað var við í yfirlýsingu Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Náum því í fasteignunum sem tapaðist í sundlauginni

Ýmis sveitarfélög hafa haldið því fram að tilmælin hafi alls ekki átt við um skattgreiðslur, heldur bara aðrar gjaldskrár. Um það má hafa orð Alþýðusambandsins: „Fasteignaskattar eru meðal þeirra útgjaldaliða sem fasteignagjöld samanstanda af og falla þeir því að sjálfsögðu undir gjaldskrár sveitarfélaga sem eru ákvarðaðar á ári hverju, rétt eins og leikskólagjöld og önnur gjöld. Fasteignagjöld, þ.m.t. fasteignaskattar, vega í mörgum tilfellum þungt í útgjöldum heimilanna og ljóst er að það dugar skammt að halda aftur af hækkunum á aðgangseyri ofan í sundlaugar ef hækka á fasteignaskatta á sama tíma.“

Það vekur líka athygli að í sveitarfélögum, þar sem breytingar hafa verið gerðar á skattprósentunni, er víða komið meira til móts við eigendur íbúðarhúsnæðis en við fyrirtækin. Þannig hækkar fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði í Kópavogi og Mosfellsbæ meira en tvöfalt meira en af íbúðarhúsnæði og í Garðabæ er munurinn ríflega þrefaldur. Kannski finnst stjórnendum sveitarfélaganna í lagi að láta fyrirtækin bera svolítið þyngri byrðar en heimilin. Á endanum bitnar það auðvitað á heimilunum, því að þegar slíkar álögur bætast við aukinn launakostnað gefur auga leið að fyrirtækin eiga erfiðara með að halda óbreyttu verði á vörum og þjónustu.

Stærsta sveitarfélagið hleypst undan merkjum

Sum sveitarfélög halda sig innan marka. Þannig verða hækkanir fasteignaskatta í Vestmannaeyjum mjög nálægt 2,5% markinu og á Akranesi verður raunlækkun á skattbyrði af atvinnuhúsnæði, en þar hefur bærinn markað þá stefnu að laða að sér fyrirtæki. Það stingur hins vegar í augu hvernig stjórnendur stærsta sveitarfélagsins, þar sem meirihluti alls verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis í landinu er staðsettur, láta eins og þeir heyri ekki raddir víða úr samfélaginu sem skora á sveitarfélögin að sýna ábyrgð. Reykjavíkurborg heldur fasteignasköttum óbreyttum og er nú eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem innheimtir hæstu lögleyfðu prósentu fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði. Á næsta ári munu skattgreiðslur fyrirtækja í Reykjavík vegna húsnæðis hækka um 4,7%, en hafa hækkað um samtals 73,3% frá upphafi síðasta kjörtímabils.

> **Þróun fasteignaskatta á undanförnum árum er þannig úr takti við allar skynsamlegar viðmiðanir.**

Breytum kerfinu

Þróun fasteignaskatta á undanförnum árum er þannig úr takti við allar skynsamlegar viðmiðanir. Það sjónarmið á vaxandi fylgi að fagna að breyta verði þessu kerfi þar sem skattstofninn fylgir sveiflum í verði húsnæðis, algjörlega úr takti við annað efnahagsástand eða kostnað við þá þjónustu sem sveitarfélögin veita. Önnur ástæða fyrir breytingum er að skattheimtan uppfyllir ekki það einfalda skilyrði að vera gegnsæ eða að skattgreiðandinn geti séð fyrir hvað hann muni þurfa að greiða í skatt. Stjórnmálamenn, bæði á Alþingi og í sveitarstjórnum, þurfa að fara að ræða saman um skynsamlegra kerfi.



Fjölbýlishúsalóðir í Skerjabyggð

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt tveggja lóða í Skerjafirði undir íbúðarhúsnæði.

Um er að ræða lóðir merktar nr. 4 og 10 í rammaskipulagi fyrir Skerjafjörð.

Samkvæmt rammaskipulagi eru áætlaðar stærðir lóða og áætlað byggingarmagn eftirfarandi:

	Stærð lóðar	Áætlað byggingarmagn	Húshæðir	Nýtingarhlutfall	Fjöldi íbúða
Lóð nr. 4	6.610 m²	9.272 m²	3-5	1,4	103
Lóð nr. 10	3.537 m²	5.568 m²	2-4	1,6	62

Deiliskipulag í Skerjafirði er í vinnslu, mögulegt er að hæstbjóðandi getið komið að minniháttar breytingum áður en skipulagið verður samþykkt.

Skilafrestur tilboða til móttöku Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, er til kl. 13:00 þann **9. janúar 2020**.

Tilboð verða opnuð kl. 13:15 sama dag í Ráðhúsi Reykjavíkur, að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**

Skotsilfur

Frá Rétti til Arion

Friðrik Ársælsson, sem hefur undanfarin ár verið einn meðeigenda hjá lögmannsstofunni Rétti, hefur gengið til liðs við Arion banka þar sem hann mun starfa á lögfræðisviði bankans. Friðrik, sem útskrifaðist með LLM-gráðu frá Harvard-háskóla vorið 2014, starfaði áður meðal annars hjá embætti sérstaks saksóknara og lögmannsstofunni LOGOS. Þá hefur Friðrik einnig verið varamaður í stjórn Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015.

Vakta Hólminn

Samkeppniseftirlitið undir stjórn **Páls Gunnars Pálssonar** lætur sig margt varða. Hagar þurftu sem kunnugt er að selja verslun Olís í Stykkishólmi til þess að þræða samrunann við Olís í gegnum nálarauga eftirlitsins. Verslunin var seld til Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar en reksturinn gekk ekki sem skyldi og nýir eigendur, sem reka borgarabúllu og pitsustað í bænum, tóku nýlega við. Þeir þurftu hins vegar að hljóta blessun Samkeppniseftirlitsins sem sá ástæðu til að kanna sérstaklega hvort þeir væru hæfir rekstraraðilar. Þeir hlutu að lokum blessun eftirlitsins ásamt vinalegum tilmælum um að huga að því að opnunartími og vöruframboð væri í samræmi við þarfir viðskiptavina.

Til Dranga

Þórarinn Þorgeirsson, sem starfaði áður sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs slitabús Kaupþings, hefur gengið til liðs við Dranga lögmenn sem eigandi. Drangi er sérhæfð lögmannsstofa sem sinnir málflutningi og verkefnum á réttarsviðum tengdum viðskiptalífinu. Í störfum sínum fyrir Kaupþing hafði Þórarinn meðal annars umsjón með lögfræðivinnu við endurskipulagningu og nauðasamning félagsins í kjölfar slitameðferðar þess auk tvíhliða skráningar Arion banka, sem þá var í meirihlutaeigu Kaupþings, á markað á Íslandi og í Svíþjóð. Á meðal annarra eigenda Dranga er Kolbeinn Árnason, sem var um tíma samstarfsmaður Þórarins hjá Kaupþingi.

Demókratar ná samkomulagi við Trump um USMCA

Nancy Pelosi, leiðtogi demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, flytur erindi ásamt samflokksmönnum sínum á Capitol Hill í Washington í Bandaríkjunum í gær. Náðst hefur samkomulag við Donald Trump Bandaríkjaforseta um að milliríkjasamningurinn USMCA, sem varðar viðskipti milli Bandaríkjanna, Mexíkó, og Kanada, nái fram að ganga. Hann kemur í stað NAFTA-samningsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Áratugur ferðaþjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Á undanförnum áratug hefur ein atvinnugrein gjörbreytt aðstæðum á Íslandi. Uppgangur ferðaþjónustu var einn stærsti þátturinn í að vinna íslenskt samfélag upp úr vanda eftirhrunsáranna og hefur gjörbreytt efnahagslegum veruleika þjóðarbúskapsins. Áratugum saman var talað um að meiri fjölbreytni þyrfti í atvinnulíf og efnahag þjóðarinnar. Árið 2010 hófst bylting þar sem þessi fjölbreytni hóf að festa sig í sessi með ferðaþjónustunni sem nýrri grundvallaratvinnugrein. Ísland er nú líkara Þýskalandi en Grikklandi með langt tímabil jákvæðs vöru- og þjónustujöfnuðar að baki. Hinn heilagi gral íslenskra efnahagsmála, stöðugleikinn, virðist nú í raunverulegri augsýn.

Ferðaþjónustan hefur byggst upp af fáum stórum fyrirtækjum, þó nokkrum meðalstórum fyrirtækjum og miklum fjölda örsmárra fyrirtækja. Í raun má segja að ferðaþjónustan sé einstaklingsframtakið í sinni fegurstu mynd, þar sem fólk með góða hugmynd og trú á sjálfu sér og nærumhverfinu hefur lagt mikið undir til að framkvæma ótrúlega hluti.

Styðjum við það sem vel er gert

Þessi þróun hefur verið árangursríkasta byggðaaðgerð Íslandssögunnar, sjálfsprottin byggðaaðgerð sem hefur aukið atvinnutækifæri og lífsgæði í litlum samfélögum um allt land. Um 90% Íslendinga segja nú að ferðaþjónustan hafi aukið lífsgæði í þeirra sveitarfélagi, sem er líklega besta einkunn sem nokkur atvinnugrein getur fengið.

Í umræðu um fjölda ferðamanna, verð á vörum og ýmis vandkvæði í fyrirtækjarekstri gleymist það stundum að gestir okkar gefa íslenskri ferðaþjónustu nærri hæstu einkunn. Meðmælaskor Íslands stendur nú í 79 stigum (NPS kvarðinn er frá -100 til +100!) og sýnir að þó að við vitum að marga hluti er hægt að gera betur eru íslensk ferðaþjónustufyrirtæki að standa sig ákaflega vel.

Þrátt fyrir erfiðar rekstraraðstæður, síaukinn kostnað og eilífa baráttu við tekjusveiflur vegna gengis gjaldmiðilsins hefur íslensk ferðaþjónusta nefnilega náð ótrúlega góðum árangri.

Alla þessa þætti þarf að hafa í huga nú þegar unnið er að stefnumótun fyrir ferðaþjónustu til næstu tíu ára. Það þarf að nálgast viðfangsefnin, bæði þau auðveldu og þau erfiðu, með viðurkenningu á þeim árangri og jákvæðu breytingu sem ferðaþjónustan hefur borið með sér þennan áratug sem nú er að líða – og viðurkenningu á því að samkeppnishæfni greinarinnar er mikilvægasta undirstaða viðgangs hennar til framtíðar.

Hvert viljum við fara?
Hvernig komumst við þangað?

Í raun eru það ekki flóknar spurningar sem stjórnvöld þurfa að spyrja sig þegar kemur að því að ákvarða stefnu, fjármagn og framkvæmdir sem ýta undir áframhaldandi vöxt og viðgang ferðaþjónustu á Íslandi: Viljum við að þessi jákvæða þróun haldi áfram? Viljum við að þau góðu áhrif sem vöxtur ferðaþjónustu hefur haft á atvinnulíf um allt land haldi áfram? Viljum við að ferðaþjónusta haldi áfram að styðja við efnahagslegan stöðugleika og þar með lífsgæði fólks í landinu?

Það er dagljóst að svarið hlýtur að vera já. Og þá er jafn ljóst að aðgerðir stjórnvalda þurfa að miða að því að skapa aðstæður til að svo megi verða. Að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Að auðvelda fólki að stofna og byggja upp fyrirtæki, sérstaklega á landsbyggðinni. Að einfalda regluverk, styrkja innviði og styðja rækilega við þróun áfangastaða, rannsóknir og árangursríka markaðssetningu á verðmætum mörkuðum. Að tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni ferðaþjónustu.

Ef stjórnvöld ganga heilshugar að þessu verkefni, að skapa heilbrigðar aðstæður fyrir ferðaþjónustufyrirtæki til að verða til, vaxa og dafna, er enginn vafi á því að fólkið í ferðaþjónustunni mun stíga fram tvíeflt og sjá til þess að næsti áratugur verður ekki síður ábatasamur fyrir ríki, sveitarfélög og samfélagið allt en sá síðasti.

Að baki er áratugur rísandi ferðaþjónustu og efnahagslegra breytinga. Fram undan er áratugur sjálfbærrar ferðaþjónustu og efnahagslegs stöðugleika.

Ef rétt er haldið á spilum.

Græddu allir á Star Wars?

Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri greiningar og fræðslu Íslandsbanka

Hvaða hugtak notum við þegar báðir vinna leik? Ef ykkur dettur eitthvað heppilegt í hug væri við hæfi að nota það um vel heppnuð viðskipti George Lucas og Disney um árið.

Í næstu viku verður þriðja og síðasta kvikmynd þríleiks Star Wars frumsýnd og nýverið hóf The Mandalorian göngu sína á nýrri streymisveitu Disney. Þar á bæ hefur hundruðum milljarða verið varið í að byggja upp og dreifa vörumerkinu. Hver dropi er kreistur úr R2D2 og félögum og almennt virðist það hafa gengið afar vel.

Þær fjórar kvikmyndir sem þegar hafa verið sýndar í kvikmyndahúsum í tíð Disney reiknast okkur til að hafi skilað fyrirtækinu um 350 milljarða króna hagnaði og þá eru tekjur af streymi myndanna, varningi og sjónvarpsefni ekki taldar. Slagar afgangur af miðasölu einn og sér því hátt í þá 500 milljarða króna sem Lucas fékk við vistaskipti Lucasfilm yfir til Disney á haustmánuðum 2012. Helmingnum stakk hann í vasann en hinn helminginn fékk kappinn í formi hlutabréfa, sem síðan hafa þrefaldast í verði.

Þó eitt og eitt andvarp heyrist frá Skywalker Ranch getur Lucas tæplega kvartað yfir viðskiptum sínum við Disney. Þar á bæ skellihlær fjármálasviðið sömuleiðis þrátt fyrir að viðtökur skemmtigarðsins Galaxy's Edge og kvikmyndarinnar um Han Solo hafi verið nokkuð undir væntingum þar sem heildarávinningurinn af yfirtöku vörumerkisins gefur Disney nær ótakmarkaða tekjumöguleika til framtíðar. Og þeir möguleikar verða svo sannarlega nýttir. Þar liggur mergurinn málsins og ástæða þess að báðir aðilar græddu svo óskaplega á viðskiptunum 2012. Stærð og fjárhagslegur styrkur Disney gefur fyrirtækinu nefnilega færi á að gera svo miklu meira úr vörumerki Star Wars en Lucas gat sjálfur. Hvort sem okkur líkar betur eða verr mun Disney halda áfram að breiða yfir okkur alls kyns skemmtun og það er ekki ólíklegt að við tökum fagnandi þátt í því og millifærum til þeirra dágóðan skammt launanna okkar.

Spurningunni í titli greinarinnar mætti því svara játandi. Það græddu allir á Star Wars. Nema sá sem greiddi 1.000 krónur fyrir bláa mjólk í skemmtigarðinum. Hann tapaði.

HP PageWide

Ný kynslóð prentara

Afköst

Mikil afköst
og hámarks uppitími

Lágt blaðsíðuverð

Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

Öryggi

Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

Umhverfisvænir

Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

HP PageWide fjölnotaprentarar
Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP Pagewide Pro
prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.

95% minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. desember 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Sömu gömlu mistökin

Oft er það svo að ríkisvaldið brýtur á þér báðir lappir og réttir þér síðan hækju. Þú skalt vera þakklátur fyrir hækjuna, því annars gætirðu ekki haltrað áfram. Þetta á vel við frumvarp Ásmundar Einars Daðasonar félagsmálaráðherra sem hann hyggst leggja fram á Alþingi í vetur. Ráðherra vill að ríkið láni ákveðnum kaupendahópum að íbúð fé fyrir hluta af útborguninni og taki enga vexti fyrir. Ætla má að þessi lán gætu numið 20 til 40 prósentum af kaupverði íbúðar og að árlegur fjöldi hlutdeildarlána geti numið allt frá 350 og upp í eitt þúsund á hverju ári.

Hugmynd þessa **má rekja til Íbúðalánasjóðs en að sögn ráðherra hafa ítarlegar greiningar Íbúðalánasjóðs á húsnæðismarkaði gert stjórnvöldum kleift að „taka skilvirkari og upplýstari ákvarðanir“ í húsnæðismálum. Greiningar sjóðsins voru ekki betri en svo að stofnunin taldi að vaxtalausu lán hefðu engin áhrif á þróun húsnæðisverðs. Það er á skjön við grundvallaratriði í hagfræði, reynslu af sambærilegum aðgerðum og almenna skynsemi. Aukið aðgengi að fjármagni er til þess fallið að hækka fasteignaverð þar sem fleiri hafa meira fjármagn til að ráðstafa í kaup á jafn mörgum fasteignum.**

Þetta er ekki **í fyrsta sinn sem Framsóknarflokkurinn beitir sér fyrir ofþenslu á húsnæðismarkaði til að kaupa atkvæði. Sem kunnugt er voru 90 prósenta lán til húsnæðiskaupa meðal kosningaloforða flokksins í aðdraganda kosninganna 2003. Loforðið átti eftir að reynast þjóðinni dýrkeypt. Svo dýrkeypt að rannsóknarnefnd Alþingis taldi að 90 prósenta íbúðalán hefðu verið ein stærstu hagstjórnarmistök ríkisins á árunum 1995 til 2005. Nú eru þau kynnt aftur til leiks í nýjum búningi.**

Aðgerðir og aðgerðaleysi **hins opinbera eru helsta ástæðan fyrir hækkun húsnæðisverðs á undanförnum árum. Verðhækkunin leiddi til þess að kaupmáttaraukning almennings varð ekki jafn mikil og hún hefði annars geta orðið. Aðgerðaleysi sveitarfélaga í skipulagsmálum varð til þess að framboðið óx ekki í takt við eftirspurn og aðgerðir ríkisins á fjármálamarkaði bjuggu síðan til aðstöðumun á milli hinna efnameiri og efnaminni.**

Staðan **er með þeim hætti að þeir sem eru efnameiri geta fengið hagstæð lán hjá lífeyrissjóðum sem lána út á lægri veðhlutföll. Þeir sem eru efnaminni þurfa að leita til bankanna sem geta ekki boðið jafn hagstæð kjör á húsnæðislánum því ólíkt lífeyrissjóðunum þurfa bankarnir að greiða sértæka skatta. Það er með ólíkindum að ráðherrann telji hlutdeildarlán leysa vandann og að þau séu góð ráðstöfun á almannafé.**

UMHVERFIÐ ÁSTRÍÐA HREINT ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Hlutaféð aukið um 1,2 milljarða

Finnur Beck.

Hlutafé OS Orku var nýverið aukið um 1,24 milljarða króna. Finnur Beck, starfandi forstjóri HS Orku, segir að henni sé ætlað að styrkja félagið fjárhagslega í tengslum við nýjar fjárfestingar.

„Annars vegar erum við að klára stórt verkefni, 9,9 MW Brúarvirkjun í Biskupstungum, en áformað er að gangsetja hana í byrjun næsta árs. Hins vegar áformar félagið að fara fljótlega í 30 MW stækkun á Reykjanesvirkjun fyrir tæpa tíu milljarða króna. Stækkunin mun auka framleiðni á Reykjanesi til muna þar sem um er að ræða aukna framleiðslu án þess að auka upptekt úr jarðhitaauðlindinni á Reykjanesi. Hluthafar í félaginu tóku báðir þátt í hlutafjárhækkun svo hlutdeild þeirra í félaginu hélst óbreytt,“ segir hann.

HS Orka er í jafnri eigu Jarðvarma, sem er í eigu 14 lífeyrissjóða, og breska sjóðastýringarfélagsins Ancala Partners. **– hvj**

10.12.2019

Kenning í læknavísindum verður að byggja á rannsóknum, tilraunum eða kerfisbundnum athugunum. Gera má þá kröfu til Kára að hann viðhafi sömu aðferðafræði í orðræðunni um samfélagsmál.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFF

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

icebreaker® MERINO

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.

Barna Oasis bolur
Verð 6.990 kr.

Barna Oasis leggings
Verð 6.990 kr.

Tech bolur barna
Verð 7.990 kr.

Tech leggings barna
Verð 7.590 kr.

Tech Lite herra
Verð 9.990 kr.

Tech Lite dömu
Verð 9.990 kr.

Oasis Crewe herra
Verð 13.990 kr.

Frábærar- og hlýjar jólagjafir

Descender rennd herra
Verð 27.990 kr.

Oasis hálfrennd dömu
Verð 15.990 kr.

Helix pils
Verð 14.990 kr.

Hanskar fyrir snertiskjá
Verð 5.900 kr.

Anatomica Boxers herra
Verð 6.590 kr.

Siren Tank
Verð 7.590 kr.

Yanni kjóll
Verð 14.990 kr.

Descender rennd dömu
Verð 27.990 kr.

Quantum rennd með hettu herra
Verð 24.990 kr.

Everyday leggings herra og dömu - Verð 11.990 kr.

Everyday Crewe dömu
Verð 11.990 kr.

Everyday hálfrennd herra
Verð 12.990 kr.

Vertex hálfrennd peysa - Verð 19.590 kr.

Vertex leggings - Verð 15.990 kr.

Oasis Crewe dömu - Verð 13.990 kr.

Oasis Crew herra - Verð 13.990 kr.

100% Merino ull - Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir

Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, buff, nærföt, skyrtur og húfur.

Opnunartími: virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 15

Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG·sport

GG-sport
BYKO

Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

11. DESEMBER 2019 MIÐVIKUDAGUR

†

Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Eyþór Ólafsson

frá Skeiðflöt í Mýrdal,

verður jarðsunginn frá Skeiðflatarkirkju laugardaginn 14. desember kl. 14.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á reikning Skeiðflatarkirkju, 317-13-300261, kt. 590269-0699.

Sæunn Sigurlaugsdóttir
Sigurlaug Guðmundsdóttir
Sigurður Ó. Eyþórsson — **Svafa K. Pétursdóttir**
Halldór Ingi Eyþórsson
Reynir Örn Eyþórsson
Sigurlaug Helgadóttir
Guðmundur Helgason
Jón Þór Helgason
og barnabörn.

†

Elskulegi eiginmaður minn og vinur, faðir, tengdafaðir og afi,

Þórir Lúðvíksson

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 5. desember.
Útför hans fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 17. desember kl. 13.00.

Anna Margeirsdóttir
Lúðvík V. Þórisson — **Kamila Sandra Þórisson**
Jón Margeir Þórisson — **Bára Yngvadóttir**
Birna Ósk Þórisdóttir — **Halldór Gylfason**
barnabörn.

†

Okkar ástkæri sonur, faðir, bróðir og afi,

Ægir Þorsteinsson

sjómaður,

andaðist á Landspítalanum 19. nóvember 2019.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Hjartans þakkir til starfsfólks á deild A2, Landspítalanum í Fossvogi, fyrir frábæra umönnun, alúð og alltumvefjandi kærleika. Þökkum samúð og vinarhug.

Ástvinir og fjölskyldur hins látna.

†

Við þökkum kærleik, hlýhug og vináttu ykkar við andlát og útför elsku pabba okkar, tengdapabba og afa,

Hauks Pálmasonar

fyrrverandi aðstoðarforstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, áður Rafmagnsveitu Reykjavíkur,

sem lést 24. nóvember. Starfsfólki Droplaugarstaða færum við bestu þakkir fyrir umönnun og elskulegheit.

Helga Hauksdóttir — **Hafþór Þorleifsson**
Urður Hafþórsdóttir
Jóhannes Hauksson — **Inga Björg Hjaltadóttir**
Hringur Ásgeir Sigurðarson — **Ívar Sigurðsson**
Hildur Ylfa Jóhannesdóttir
Haukur Oddur Jóhannesson
Anna Soffía Hauksdóttir
Haukur Óskar Þorgeirsson — **Auður Tinna Aðalbjarnardóttir**
Margrét Aðalheiður Önnu Þorgeirsdóttir — **Friðgeir Ingi Jónsson**

†

Okkar kæri bróðir, mágur, frændi og vinur,

Birgir Guðmundsson

Hörðalandi 8, Reykjavík,

lést þann 7. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Bergdís Ottósdóttir
Einar Guðmundsson — **Guðrún Árnadóttir**
Margrét Einarsdóttir — **Valur Fannar Gíslason**
Helga Jóna Benediktsdóttir — **Guðmundur B. Helgason**
Margrét Benediktsdóttir
Benedikt, Jóhannes, Hjalti, Einar Fannar, Erla Dórothea, Eva Guðrún og Emil Birgir

Frá uppskeruhátíð Ungskálda í Amtsbókasafninu á Akureyri: Sandra Marín Kristínardóttir, Kristín Árnadóttir, Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir, Björn Þorláksson og Lilla Steinke. Daniel Ben átti ekki heimangengt. MYND/RAGNAR HÓLM / AKUREYRARSTOFA

Ég á það til að skrifa

Úrslit í árlegri ritlistarkeppni Ungskálda Akureyrar voru kunngerð í Amtsbókasafninu í lok síðustu viku. 1. verðlaun hlaut Lilla Steinke sem nú er stödd sunnan jökla.

Ungskáld Akureyrar 2019 er Lilla Steinke, samkvæmt niðurstöðu dómnefndar sem gerði úrslit ritlistarkeppni Ungskálda heyrinkunn í Amtsbókasafninu á Akureyri síðasta föstudag. Verk Lillu nefnist Ég heyri rödd þína í rigningunni. Hún kveðst helst ekki vilja kalla það ljóð, enda hafi engin krafa verið um form, innihald eða lengd verks í ritlistakeppninni.

Spurð hversu lengi hún hafi iðkað skáldskap svarar Lilla: „Það er eitthvað sem kemur og fer. Á slatta í skúffu sem ég veit ekkert hvort ég gef út, þó það hafi alltaf heillað. Ég á það til að skrifa þegar ég þarf að segja eitthvað en enginn er til að segja það við. Þarna þurfti ég að koma einhverju frá mér og setti það á blað," segir hún.

Í byrjun nóvember var haldin ritlistarsmiðja Ungskálda í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Leiðbeinendur þar voru Stefán Máni og Bryndís Björgvinsdóttir sem jusu úr viskubrunnum sínum. Smiðjan var opin ungmennum á aldrinum 16 til 25 ára og var þátttakendum að kostnaðarlausu. Lilla kveðst hafa mætt þar. „Það var rosa skemmtilegt og gott að heyra af reynslu annarra," segir hún. Hins vegar hafi hún ekki getað mætt á kaffihúsakvöld Ungskálda á Akureyri nýlega.

Ungskáldaverkefnið á Akureyri er hið eina sinnar tegundar á Íslandi. Í dómnefnd keppninnar að þessu sinni voru þau Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir bókmenntafræðingur, Kristín Árnadóttir, fyrrverandi íslenskukennari við Verkmenntaskólann á Akureyri, og Björn Þorláksson, rithöfundur og fyrrverandi bæjarlistamaður.

Önnur verðlaun í keppninni komu í hlut Söndru Marínar Kristínardóttur fyrir verkið Tíu ára tímabil og Daniel Ben fékk þriðju verðlaun fyrir verkið Hvað ef ég er ekki kona?

Fyrstuverðlaunahafinn Lilla er að vinna á Jökulsárlóni þegar ég heyri í henni. „Ég er fædd og uppalin á Akureyri en á líka fjölskyldu á Hala í Suðursveit, er afkomandi Steinþórs Þórðarsonar sem þar bjó," segir hún til skýringar.

Hún segir Lillu Steinke nafnið upphaflega hafa verið gælunafn en nýtast vel sem skáldanafn. „Steinke er reyndar ættarnafn frá Þýskalandi, því mamma mín er þýsk. Faðir minn er Þórbergur Torfason á Hala og ég var alin upp innan um bækur. Var alltaf á Hala á sumrin þegar ég var barn og svo fyrir tveimur árum flutti ég þangað og fór að vinna á Jökulsárlóni. Það snjóar minna hér en fyrir norðan, en það getur hvesst – og stefnir allt í það núna." **gun@frettabladid.is**

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Kristbjörnsdóttir

frá Birnustöðum,

lést á Sólvöllum, Eyrarbakka, 4. desember. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju, laugardaginn 14. desember kl. 13.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri

Árni Árnason

varð bráðkvaddur 3. desember.
Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 12. desember kl. 13.00.

Hjalti Stefán Árnason — **Júlía Björnsdóttir**
Þórir Róbert Árnason
Aðalheiður Íris Hjaltadóttir
Guðmundur Árnason — **Júlíana Árnadóttir**
Lára Hrönn Árnadóttir
Sigríður Árnadóttir Clarke — **Kenneth Clarke**
Haraldur Árnason

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sævar Brynjólfsson

skipstjóri, Pósthússtræti 3, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 1. desember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 16. desember kl. 13.

Ingibjörg Hafliðadóttir
Bryndís Sævarsdóttir — **Einar Þ. Magnússon**
Hafliði Sævarsson — **Jenný Lovísa Þorsteinsdóttir**
Brynjólfur Ægir Sævarsson — **Áslaug Ármannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

NIKEGOLF · GOLF STREAM · Lynx · Callaway GOLF · CATMANDOO · PROQUIP Ahead of the Game · ODYSSEY

Golfbrautin

GOLFVERSLUN

Opið út desember 2019

VERSLUNIN HÆTTIR!

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Valdar vörur á ótrúlegu verði

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • www.golfbrautin.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-1 °C | 12 ↓	-6 °C | 15 ↙	-1 °C | 16 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 18 ↓	-1 °C | 18 ↘	-6 °C | 20 ↓

Ört vaxandi norð-austan- og norðanátt, fyrst NV-til, 23-33 m/s síðdegis, hvassast á NV-landi. Víða snjókoma eða él, en slydda við ströndina fyrir norðan. Mun hægari og þurrt á SA- og A-landi, en hvessir þar í nótt. Hiti um frostmark. Norðan 23-35 í fyrramálið, hvassast í vindstrengjum sunnan Vatnajökuls. Norðan 18-25 síðdegis, en 13-18 V-til.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-3 °C | 11 ↙	-8 °C | 10 ↙	-4 °C | 8 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 8 ↓	-4 °C | 11 ↙	-11 °C | 8 ↓

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-13 °C | 4 ←	-11 °C | 3 ↙	-13 °C | 1 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-11 °C | 2 ↑	-11 °C | 2 ↘	-17 °C | 6 ↓

LÉTT

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

MIÐLUNGS

		7		1	3		9	
5			7			1		
	1		6				5	
	9	5	2				4	
		6	4			8		
3	7			5	1			
6					8			4
	5	9			7		8	
				6		9		

ÞUNG

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Krossgáta

LÁRÉTT
1 Bukkur
5 Leir
6 Í röð
8 Heila
10 Átt
11 Naumur
12 Vegghamar
13 Fugl
15 Raðtala
17 Sérhlífinn

LÓÐRÉTT
1 Þénast
2 Fé
3 Sáðkorn
4 Hjartardýr
7 Aðdrættir
9 Strjált
12 Smáblaðra
14 Skaut
16 Í röð



LÁRÉTT: 1 hafur, 5 aur, 6 áb, 8 græddi, 10 na, 11 rýr, 12 berg, 13 spói, 15 tólfti, 17 latur.
LÓÐRÉTT: 1 hagnast, 2 aura, 3 træ, 4 ráðyr, 7 birgðir, 9 dreift, 12 bóla, 14 pói, 16 tu.

Skák Gunnar Björnsson

Mabs átti leik Alexander í London árið 1961.

Hvítur á leik
1. Bg7+! Kxg7 2. Re8+ Kh6 3. Df4+ g5 4. Df6+ Kh5 5. Rg7+ Kh4. 6. Df2# 1-0. Guðmundur Kjartansson hefur staðið sig afar vel á opnu móti í Barcelona og er í 5.-15. sæti með 5 vinninga eftir 7 umferðir. Mótinu lýkur í dag.

www.skak.is: Guðmundur í Barcelona.

Hvítur á leik

4	2	6	5	8	9	7	3	1
1	3	8	6	4	7	2	5	9
5	7	9	2	3	1	6	4	8
6	4	1	7	9	8	3	2	5
3	5	2	1	6	4	9	8	7
8	9	7	3	2	5	4	1	6
7	8	3	4	1	6	5	9	2
2	1	5	9	7	3	8	6	4
9	6	4	8	5	2	1	7	3

5	7	9	6	8	3	2	1	4
1	2	6	7	9	4	3	5	8
8	3	4	5	1	2	6	7	9
9	4	5	8	2	7	1	3	6
2	1	7	3	4	6	8	9	5
3	6	8	9	5	1	4	2	7
6	8	2	1	7	9	5	4	3
4	9	3	2	6	5	7	8	1
7	5	1	4	3	8	9	6	2

5	8	1	6	7	9	2	3	4
7	3	6	2	4	8	5	1	9
9	4	2	3	5	1	8	6	7
6	5	9	4	8	2	3	7	1
4	1	7	9	3	5	6	2	8
8	2	3	7	1	6	4	9	5
1	6	8	5	9	3	7	4	2
2	7	5	1	6	4	9	8	3
3	9	4	8	2	7	1	5	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

INT VS USA

2019

Presidents Cup™

11.-14. DESEMBER

GOLF

Tryggðu þér áskrift **stod2.is** | **1817**

ÚRVAL ÚTSÝN

Rafræn myrkraverk

Í nýrri skáldsögu Úlfars Þormóðssonar vill fyrrum valdamikill ráðuneytismaður fá sögumann á sinn fund. Úlfar er fjarri bókaflóðinu, staddur suður í löndum. Hann segir þessa sögu sína vera misaldra.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hugvillingur er ný skáldsaga eftir Úlfar Þormóðsson. „Sagan er misaldra. Sumir þættir hennar hafa dvalið með mér lengi. Aðrir skemur. Samtals tók tvö ár að koma þeim saman. Þar af reyndi ég að láta hana afskiptalausa í sex mánuði," segir Úlfar. „Hún breyttist í meðförum eins og altítt er um skáldskap og lesanda verður fljótlega ljóst að hún er stöðugt að bylta sér og verður smám saman allt önnur en til var stofnað. Hún er marglaga og sjaldan er allt sem sýnist."

Enginn á línunni

Um söguþráðinn segir hann: „Sögumaður bókarinnar verður fyrir því þegar hann er að fást við að skrifa um trú og vantrú og furðurnar í sínu lífi að skyndilega birtast skilaboð á tölvuskjánum hjá honum. Og síðar hringir síminn en enginn er á línunni og ekkert númer sem hringt er úr. Sá sem stendur á bak við þetta reynist vera fyrrum valdamikill ráðuneytismaður sem vill fá sögumanninn á sinn fund. Ráðuneytismaðurinn segist búa yfir mikilvægum upplýsingum um rafræn myrkraverk sem sé verið að vinna í stjórnkerfinu og vill fá sögumanninn til að afhjúpa þau. Sögumaðurinn þekkir lítið til svona mála og þrjóskast við en þá grípa óvænt öfl inn í frásögnina."

Brot úr skeyti

Nú, í miðri jólabókavertíð er Úlfar staddur erlendis, suður í löndum, og verður þar langt fram yfir áramót. Blaðamaður spyr af hverju hann hafi valið að vera ekki á landinu meðan allur jólabókahasarinn standi yfir. Hann svarar: „Ég fékk loftskeyti frá lesanda bókarinnar. Í því er svar við hvarfi mínu suður í höfin þar sem unaðurinn á upptök sín. Hér er brot úr því, skeytinu:

„Textinn er hreint sælgæti ... og sama hvar gripið er niður, þá gleður textinn, einn og sér, bæði orðanotkun og íhygli (myndi segja vizka, ef það væri ekki væmið). Þetta er á köflum eins og að lesa upp í sig konfekt. Dulúðina kann ég vel við enda ógnin af nýrri tækni og misnotkun á henni miklu skuggalegri ef maður ekki skilur hana til fulls.



Hugvillingur er splunkuný skáldsaga eftir rithöfundinn Úlfar Þormóðsson.

„ÉG FÉKK LOFTSKEYTI FRÁ LESANDA BÓKARINNAR. Í ÞVÍ ER SVAR VIÐ HVARFI MÍNU SUÐUR Í HÖFIN ÞAR SEM UNAÐURINN Á UPPTÖK SÍN.

Mesta samúð fékk ég með manninum, sem týndi sér. Ég týndi mér nefnilega líka og reyndi að lýsa því svona:

„Þegar ég var ungur var ég svo óánægður með sjálfan mig, að ég fór að þykjast vera einhver annar og öðruvísi. Nú hef ég gert það svo lengi, að ég er orðinn sá sem ég þykist vera,en hef týnt sjálfum mér. Ég sakna mín, held ég..."""

Vitamix™

Jólagjöfin í ár. Vitamix Ascent
Verð frá 94.999

Vitamix Ascent serían á sér enga jafningja. Mylja alla ávexti, grænmeti, klaka og nánast hvað sem er. Nýtt útlit og öflugri mótor. Með 2 lítra könnu með öryggisloki sem þolir þvott í þvottavél.

10 ára ábyrgð.

25% afsláttur af auka könnum

Kælitækni

Kælitækni ehf. Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

Nærbuxur og vinátta

BÆKUR

Nærbuxnanjósnararnir

★★★☆☆

Arndis Þórarinsdóttir

Útgefandi: Mál og menning
Blaðsíður: 112

Nærbuxnabókmenntageirinn hefur ekki flaggað mörgum verkum hérlendis nema þá helst í þýðingum þar til Arndís Þórarinsdóttir tók upp nærbuxnafánann á síðasta ári en bók hennar Nærbuxnanjósnararnir kom út á dögunum.

Nærbuxnanjósnararnir er beint framhald af bókinni Nærbuxnaverksmiðjan sem kom út í fyrra. Þar sagði frá Gutta og Ólínu sem með hugmyndaauðgi og snarræði tókst að koma í veg fyrir að gömul nærbuxnaverksmiðja yrði jöfnuð við jörðu og þar var í staðinn sett á fót samfélagsmiðstöðin Rumpurinn þar sem ungir sem aldnir eiga griða- og gleðistað, að ógleymdum kanínum sem höfðu hreiðrað um sig þar.

Í Nærbuxnanjósnurunum virðist allt í lukkunnar velstandi og það sem helst þarfnast athygli Gutta og Ólínu er vinátta þeirra sjálfra, svo ólík sem þau eru. Gutti er íhugull og rólegur, rökfastur og viðkvæmur og Ólína er ákveðin, hugrökk og framkvæmdaglöð og þessi ólíku persónueinkenni þeirra geta flækt samskiptin svo um munar.

Þau þurfa þó að leggja öll ágreiningsefni á hilluna og snúa sér að alvöru lífsins þegar útlit er fyrir að óvætturin Sigurbjörg húsvörður sé smám saman að eyðileggja hið góða starf sem fram fer í Rumpinum, auk þess sem eitthvað virðist vera á seyði. Við sögu koma skólastjórar, kanínur sem skipta litum og konungsblúndunærbuxur svo lesendur geta búið sig undir mikinn hasar.

Nærbuxnanjósnararnir er fyndin og skemmtileg saga þar sem nærbuxna-, prumpu- og rassagrín er í hávegum haft en einnig er komið með smellnar lausnir á loftslagsvandanum, sem sannarlega er ekki vanþörf á að fjalla um á léttum nótum án þess að draga úr alvarleikanum, sérstaklega fyrir börn. Þá er fjallað um vináttu og umburðarlyndi á fallegan og gagnlegan hátt.

Myndskreytingar Sigmundar Breiðfjörðs Þorgeirssonar eru mjög skemmtilegar og lífga upp á síðurnar þar sem bæði kanínur og nærbuxur auka við og stækka ritmálið.

Nærbuxnanjósnararnir hentar bæði börnum sem eru nýbyrjuð að lesa sjálf og þeim sem eldri eru en hafa gaman af skemmtilegum sögum með ærslum og gríni.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Gáskafull gleðisaga fyrir börn á öllum aldri um nærbuxur, kanínur og vináttu.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

11. DESEMBER 2019

Ewa Marcinek og Pálína Jónsdóttir eru forsprakkar alþjóðlega leikfélagsins Reykjavík Ensemble. Fyrsta sýning, Opnunarhátíð, er í kvöld í Tjarnarbíói.

Hvað? Jólatónleikar með djassglassúr
Hvenær? 20.00
Hvar? Norræna húsið
Marína Ósk, Stína Ágústs og Mikael Máni fagna útgáfu plötunnar Hjörtun okkar jóla.

Hvað? Opnunarhátíð
Hvenær? 20.00
Hvar? Tjarnarbíó
Reykjavík Ensemble setur upp sýninguna Opnunarhátíð.

Hvað? Kvartett Tómasar R.
Hvenær? 21.00
Hvar? Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloft, Hörpu

DAGSKRÁ

Miðvikudagur



REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

SJÓNVARP BYLGJAN.IS APPIÐ FM 98.9

Þorgeir, Kristófer og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.

BYLGJAN 989

RÚV SJÓNVARP

08.50 HM kvenna í handbolta Bein útsending frá leik í milliriðli á HM kvenna í handbolta.
10.35 Íþróttaafrek sögunnar Diego Maradona og leikur Sovétríkjanna og Bandaríkjanna í körfubolta
11.05 Íþróttaafrek Guðrún Arnardóttir
11.20 HM kvenna í handbolta Bein útsending frá leik í milliriðli á HM kvenna í handbolta.
13.05 Kastljós
13.20 Menningin
13.30 Gettu betur 1988 MR - Menntaskólinn á Laugarvatni
14.05 Mósaík
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
16.05 Jólin hjá Mette Blomsterberg
16.40 Eyðibýli
17.20 Innlit til arkitekta
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið. Jólakötturinn Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
18.25 Disneystundin
18.26 Sögur úr Andabæ - Skuggastríðið fyrri hluti.Nótt Hexíu
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
19.50 Menningin
20.05 Kiljan
21.00 Skytturnar – The Musketeers III Þriðja þáttaröð um ævintýri skyttnanna fræknu og baráttu þeirra fyrir réttlæti og heiðri. Aðalhlutverk: Tom Burke, Luke Pasqualino og Santiago Cabrera. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Minningargreinar Obit Heimildarmynd sem veitir innsýn í störf minningargreinahöfunda bandarískra dagblaðsins New York Times, en þeir bera ábyrgð á að gera ævi þekkts fólks skil í blaðinu að því látnu. Leikstjóri: Vanessa Gould.
23.55 Eru tölvuleikir alslæmir? Are Video Games Really That Bad?
00.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.55 AfrAsia Bank Mauritius Open Útsending frá AfrAsia Bank Mauritius Open á Evrópumótaröðinni.
12.55 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
13.45 The Zozo Championship Útsending frá The Zozo Championship á PGA mótaröðinni.
16.30 2019 Playoffs Official Film
17.20 2019 Presidents Cup Preview Show
18.15 Golfing World
19.05 Dominos deild kvenna Bein útsending frá leik Keflavíkur og Skallagríms í Domino's-deild kvenna.
21.10 2019 PGA Tour Year in Review
21.35 2019 Presidents Cup Preview Show
22.30 Presidents Cup Bein útsending frá Presidents Cup 2019.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Single Parents
14.15 Með Loga
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 The Good Place
19.45 Life in Pieces
20.10 Survivor
21.00 New Amsterdam
21.50 Stumptown
22.35 Beyond
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 9-1-1
01.35 Emergence
02.20 The Arrangement
03.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Stormsker
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan. Hús úr húsi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 The Fits
13.05 Golden Exits
14.40 Jumanji
16.25 The Fits
17.40 Golden Exits
19.15 Jumanji
21.00 Jumanji. Welcome to The Jungle
23.00 American Ultra
00.35 The Zookeeper's Wife
02.40 Jumanji. Welcome to The Jungle

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.25 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Two and a Half Men
09.50 Mom
10.10 I Feel Bad
10.35 Seinfeld
11.00 The Good Doctor
11.45 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Strictly Come Dancing
14.50 Strictly Come Dancing
15.35 Grand Designs. Australia
16.25 Falleg íslensk heimili
16.55 GYM
17.20 Seinfeld
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Víkingalottó
19.15 Aðventumolar Árna í Árdal
19.25 First Dates
20.15 Timeless
21.00 The Good Doctor
21.45 Mrs. Fletcher
22.15 Orange is the New Black
23.15 The Blacklist
00.00 NCIS
00.45 Magnum P.I.
01.30 Little Boy Blue Bresk þáttaröð í fjórum hlutum sem fjallar um 11 ára gamlan strák sem var skotinn til bana á leið heim af fótboltaæfingu og farið er yfir rannsókn málsins.
02.20 Little Boy Blue
03.05 Little Boy Blue
03.55 Little Boy Blue

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Kevin Can Wait
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Arrow
21.35 Splitting Up Together
22.00 Sally4Ever
22.35 Gasmamman
23.25 Batwoman
00.10 Supergirl
00.55 Kevin Can Wait
01.20 Modern Family
01.45 Friends
02.10 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.05 Eibar - Getafe
08.45 Sampdoria - Parma
10.25 Villarreal - Atletico Madrid
12.05 Ajax - Valencia
13.45 Chelsea - Lille
15.25 Inter - Barcelona
17.05 Salzburg - Liverpool
18.45 Meistaradeildarmörkin
19.15 Meistaradeildarmessan
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.30 Keflavík - Skallagrímur Útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.

STÖÐ 2 SPORT 2

17.45 Dinamo Zagreb - Manchester City Bein útsending.
19.50 Bayern München - Tottenham Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 3

19.50 Leverkusen - Juventus Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 4

19.50 Club Brugge - Real Madrid Bein útsending.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Herring Salad
SÍLDAR
SALAT

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

Diddú og drengirnir eru hvergi bangin þótt tónleikarnir fari fram föstudaginn þrettánda. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Notaleg jólastemning í Mosfellsdal

Næsta föstudag verða **Diddú og drengirnir** með heimilislega jólatónleika í Mosfellskirkju. Þetta er tuttugasta og annað árið í röð sem þau standa fyrir tónleikunum.

Sigrún Hjálmtýsdóttir, þekktust sem Diddú eins og alþjóð veit, var komin í skjól þegar blaðamaður náði á hana í gær.

Haldnir í 22 ár

„Ég er komin í Mosfellsdalinn. Veðrið er að ýfast. Maður er bara að fara að bræða í súkkulaði og hafa það notalegt, koma sér í jólastemninguna. Kannski fínt að fá smá svona óveður til að eiga jólalega stund heima, maður slær kannski í tvær sortir," segir Diddú.

Síðustu 22 ár hefur Diddú haldið jólatónleika með eilítið heimilislegri brag en gengur og gerist í þeim málum. Hún hefur ásamt blástурssveitinni Drengjunum staðið fyrir tónleikum í Mosfellskirkju. Í ár verður engin undantekning.

„Þetta er núna næsta föstudag, það verður vonandi búið að lægja," segir hún hlæjandi og heldur svo áfram: „Við erum svo bjartsýn að við ætlum að halda tónleikana föstudaginn þrettánda. Við erum ekki þjökuð af neinni hjátrú. Svo höfum við verið að þessu núna í tvo áratugi, við byrjuðum árið 1997."

> **VIÐ ERUM BARA HÉRNA Í KÓSÍHEITUNUM Í MOSFELLSDALNUM, SÁUM ENGA ÁSTÆÐU TIL AÐ FÆRA ÚT KVÍARNAR. ÞETTA ER KANNSKI SMÁ MÓTSVAR VIÐ ÖLLU HINU, ÞAÐ GETUR ALLT VERIÐ SVO STÓRT OG MIKIÐ Á SVONA TÓNLEIKUM.**

Eins og Mjallhvít

Drengirnir eru blástурshljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Sex strákar, næstum eins og Mjallhvít og dvergarnir sjö. Nema við erum bara Diddú og drengirnir sex," segir hún og hlær.

„En þetta hefur gengið alveg ofboðslega yndislega hjá okkur. Við höfum ferðast víða um heiminn saman. Til Frakklands, Ítalíu, Kanada, Englands og fleiri staða. Núna síðast vorum við með tónleika í Hollandi. Við erum mjög víðförul, en alltaf svo trú og trygg í því að halda þessa jólatónleika. Í rauninni er það svona okkar fasti punktur árlega," segir Diddú.

Heimilislegri jólatónleikar

Hún segir þau ekki stefna á að breyta neitt út af vananum heldur sé ætlunin að halda þeirra hefðbundnu jólatónleika að vanda.

„Við erum bara hérna í kósíheitunum í Mosfellsdalnum, sáum enga ástæðu til að færa út kvíarnar. Þetta er kannski smá mótsvar við öllu hinu, það getur allt verið svo stórt og mikið á svona tónleikum. Ég er nú sjálf búin að taka þátt í mörgum þannig. Þetta er meira fyrir þá sem vilja komast í jólastemninguna á smá jarðtengdari og heimilislegri jólatónleikum. Við erum að ná þessari fallegu jólajarðtengingu, þessari einlægu jólastemningu," segir hún.

Hátíðleg stemning

Hún segist hafa fundið að fólk kunni vel að meta hátíðlega og lágstemmda tónleika sem þessa í fallegri kirkju.

„Svo syngur fólkið alltaf með okkur í einhverjum lögum, fær útrás og aðeins að blása í lungun. Það er svo að sjálfsögðu alltaf endað á Ó, helga nótt. Það er fastur dagskrárliður. Við höfum verið með allra þjóða jólalög líka, mjög blandað, spilum mest hátíðlegu lögin. Það eru allir alveg hjartanlega velkomnir, miðarnir eru seldir við innganginn. Þetta er það sveitalegt," segir hún og hlær.

Vilji fólk komast í notalegt jólaskap með Diddú og drengjunum þá fara tónleikarnir fram í Mosfellskirkju í Mosfellsdal næsta föstudag. Þeir hefjast klukkan 20.00 og eru miðar seldir við innganginn.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

GEFÐU
UPPLIFUN
Í ÖSKJU

Rómantík, gourmet, dekur, útivist, námskeið eða
hvaðeina annað sem hægt er að njóta og upplifa.
Þannig er Óskaskrín, upplifun fyrir þá sem þér þykir vænt um.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur

Signingin

Ég jarðsöng mikinn höfðingja í Garðabænum fyrir nokkru síðan. Fólkið hans sagði mér að þegar honum var mikið niðri fyrir þá signdi hann sig gjarnan. Auk þess hafði hann sérstakt ritúal þegar hann gekk til hvílu á kvöldin. Þá stóð hann við vegginn með öllum fjölskyldumyndunum, fór með sínar fyrirbænir og signdi svo yfir hverja mynd. Ég á líka minningu af því að Gústav afi minn, sem ekki var sérlega kirkjurækinn maður, hafði þann hátt-inn á að signa alltaf yfir útidyrnar áður en hann fór að sofa. Mörg okkar eiga þá minningu að vera sem börn merkt krossinum áður en okkur var hjálpað í nærbolinn.

Kristnir menn hafa fundið vernd og blessun í signingunni. Hún er tákn um auðmýkt. Tákn um traust á Guði og viðurkenning á því að maður getur ekki allt. Sönn auðmýkt vanmetur ekki hið góða sem býr í fólki. Auð-mýkt er þekking á þeim styrk sem felst í vanmætti. Þess vegna segja kristnir menn söguna af barninu sem fæddist við óblíðar aðstæður og söguna af honum sem hvorki gerði árás né flúði fyrir óvinum sínum, heldur stóð kyrr í sann-leikanum allt til dauða á krossi. Hefði Jesús dregið öll sín orð um kærleika og réttlæti til baka gegn hagstæðum starfslokasamningi væri enginn að signa sig í dag.

Sannur kjarkur hvílir í auð-mýkt og á ekkert skylt við kokhreysti. Hvað þá fífldirfsku. Við sjáum oft knattspyrnumenn frá suðrænum slóðum signa sig þegar þeir ganga inn á völlinn. Við eigum líka þá hefð að signa yfir kistuna þegar ástvinur leggur í sína hinstu för. Þannig tjáir kristið fólk auðmjúkt traust; styrkinn í vanmættinum, vonina í lífi og dauða og biður fararheilla í þeirri trú að Guð muni vel fyrir sjá.